

Skýrsla

Borgarholtsskóli

Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf

2013

Borgarholtsskóli
Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneyti

Gát sf
2013

© Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2013.
Borgarholtsskóli. Úttekt.
Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.
Mynd á forsíðu: Trausti Þorsteinsson

ISBN 978-9935-436-28-3

Heildarmat

- Borgarholtsskóli er áfangaskóli með fjölbreytt bók- og verknám. Stúdentsprófsbrautir eru fjölmennastar með liðlega 46% nemenda en bíl- og málmgreinar eru með 31% nemenda.
- Skólinn er fullsetinn í núverandi húsnæði. Vinnurými nemenda er almennt vel lukkað þótt farið sé að bera á þrengslum. Verknámshús eru rúm og umgengni um þau virðist góð. Vinnuaðstaða kennara er þröng og loftræsting léleg.
- Vel gengur að ráða kennara til starfa við skólann. 94% stöðugilda í kennslu eru skipuð fólki með full kennsluréttindi en 6% leiðbeinendum. Lítil starfsmannavelta er í skólanum.
- Starfsmannastefna skólans er ítarleg og grípur á mörgum þáttum. Í henni er gert ráð fyrir því að starfsmenn eigi kost á símenntun innan sem utan skóla til að auka þekkingu sína og faglega hæfni.
- Ítarleg stefnuskrá er í skólanámskrá. Hún skiptist í nokkra meginkafla og í hverjum og einum þeirra eru skilgreind markmið og mælikvarðar um árangur.
- Þrátt fyrir áherslu á fjölbreytta kennsluhætti benda kennslukannanir meðal nemenda til fábreytni. Skólinn brást við ákalli þeirra um fjölbreyttari kennsluhætti með umræðu og fræðslu á starfsdegi vorið 2012.
- Borgarholtsskóli hefur unnið markvisst að því að draga úr brotthvarfi nemenda frá námi og orðið nokkuð ágengt með starfi mætingaráðs og mætingastjóra. Að undanförmu hefur slaknað heldur á eftirlitinu og er mætingastjóri meðvitaður um það.
- Viðhorf nýnema er almennt jákvætt í garð skólans, þeir segjast ánægðir með hann og að þeim líði þar vel. Þeim finnst skólinn leggja áherslu á góðan námsárangur og þeir vilja standa sig vel. Nokkuð annað sjónarmið kemur fram hjá eldri nemendum.
- Í Borgarholtsskóla hefur verið unnið faglega að fyrirliggjandi drögum að brautarlýsingum sem byggja á grundvelli sex grunnþátta menntunar.
- Skólinn gerir árlega kerfisbundið innra mat meðal nemenda og kennara. Einnig er gert kennslumat en hvort tveggja veitir upplýsingar um daglegt starf. Matið skortir skarpari tengingu við stefnu skólans, skólanámskrá og aðra markmiðssetningu.
- Unnið er að innleiðingu nýs gæðakerfis og gæðavísa. Ráðgert er að innra matið og gæðakerfið renni saman innan tíðar.
- Drjúgt stigveldi felst í stjórnkerfi skólans sem yfirmenn hans eru sér meðvitaðir um og reyna að vinna gegn.
- Borgarholtsskóli mætti niðurskurði í kjölfar hrunsins með stækkun nemendahópa, minni aðföngum fyrir verknámsgreinar og allar dýrari framkvæmdir eða innkaup voru stöðvuð, s.s. tækjakaup. Skólinn hefur verið rekinn innan fjárheimilda og jafnvel skilað rekstrarafgangi.
- Tilraunir hafa verið gerðar með lotunám í iðnnámi og virðist árangur af því jákvæður. Ákveðið hefur verið að kanna hvort virkja megi kosti þess í bóknámi með einum eða öðrum hætti. Það kann að skapa skólanum meiri heildarbrag en reyndin hefur verið.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	6
2	Borgarholtsskóli.....	7
2.1	Húsnæði og búnaður.....	7
2.2	Hlutverk og stefna.....	7
2.2.1	Forvarnarstefna.....	8
2.2.2	Jafnréttisstefna.....	9
2.2.3	Umhverfisstefna.....	9
2.3	Bókasafn.....	10
2.4	Tölvur og upplýsingatækni.....	11
2.5	Náms- og starfsráðgjöf.....	11
2.6	Heilsugæsla.....	12
2.7	Mötuneyti.....	12
2.8	Skrifstofa.....	12
2.9	Mat úttektaraðila.....	13
3	Nám og kennsla.....	14
3.1	Dreifnám.....	15
3.2	Námstími.....	15
3.3	Skólanámskrá.....	15
3.3.1	Kennsluhættir.....	16
3.3.2	Námsmat.....	17
3.3.3	Námsáætlanir – kennsluáætlanir.....	17
3.4	Próunarverkefni.....	17
3.5	Mat úttektaraðila.....	18
4	Nemendur.....	19
4.1.1	Brottfall og fjarvistir.....	21
4.2	Viðhorf nemenda til skólans.....	23
4.3	Nemendur með sérþarfir.....	23
4.3.1	Almenn sérnámsbraut.....	23
4.3.2	Framhaldsskólabraut.....	24
4.4	Nemendur af erlendum uppruna.....	24
4.5	Nemendafélag.....	25
4.6	Mat úttektaraðila.....	25
5	Mannauður.....	27
5.1.1	Forfallakennsla.....	27
5.1.2	Starfsmannavelta.....	27
5.2	Starfsmannastefna.....	28
5.3	Móttaka nýrra starfsmanna.....	28
5.4	Endurmenntun.....	28
5.5	Umsjón.....	29
5.6	Siðareglur.....	29
5.7	Mat úttektaraðila.....	29
6	Skólabragur.....	30
6.1	Mat úttektaraðila.....	31
7	Stjórnun og rekstur.....	32
7.1	Skólastjórn.....	33
7.2	Skólanefnd.....	34
7.3	Skólaráð.....	34
7.4	Rekstur skólans.....	35

7.5	Mat úttektaraðila	35
8	Innra mat	36
8.1	Gæðaráð	36
8.2	Mat úttektaraðila	37
9	Foreldrasamstarf og ytri tengsl	38
9.1	Tengsl við stofnanir og félagasamtök	38
9.2	Erlend samskipti	39
9.3	Mat úttektaraðila	39
10	Niðurstöður	40
10.1	Styrkleikar og veikleikar	42
10.2	Aðgerðir	43
11	Heimildaskrá	44
12	Fylgiskjöl	46

Myndir

Mynd 1: Þróun aðsóknar á einstaka brautir eða námsvið Borgarholtsskóla 2006–2012.....	14
Mynd 2: Þróun nemendafjölda 2001–2011 skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands.....	19
Mynd 3: Nemendur í Borgarholtsskóla haust og vor 2012–2013 greindur eftir aldri.	20
Mynd 4: Upptökusvæði Borgarholtsskóla 2008–2012.	20
Mynd 5: Viðvera pilta og stúlkna 2011.	22
Mynd 6: Skipurit Borgarholtsskóla.....	32

Töflur

Tafla 1: Námsbrautir í Borgarholtsskóla.....	14
Tafla 2: Námsbrautir í dreifnámi.	15
Tafla 3: Meðalhópastærðir á vorönn 2013.....	21
Tafla 4: Mætingartölur og brottfall á haustönnum 2011 og 2012.....	21
Tafla 5: Störf og fjöldi starfa m.t.t. kynja.	27
Tafla 6: Skammtímaforföll kennara haustönn 2012.	27
Tafla 7: Starfsmannavelta í Borgarholtsskóla 2008–2012.....	28
Tafla 8: Áætlun um sjálfsmat skólaárið 2012–2013 4. ár.....	36

1 Inngangur

Sá texti sem hér fer á eftir geymir niðurstöður úttektar á starfsemi Borgarholtsskóla í samræmi við fyrirmæli gildandi laga og samning aðila, dagsettan 16. janúar 2013. Við úttektina er jafnframt litið til *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Braga Guðmundssyni, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausta Þorsteinssyni, lektor við sama svið og skóla, að gera úttektina. Í erindisbréfi ráðuneytisins var þeim falið að horfa sérstaklega til eftirfarandi þátta: Stjórnun og rekstur, skólanámskrár, náms og kennslu, innra mats, skólabrags og samskipta, samstarfs við foreldra og nemenda með sérþarfir. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum ráðuneytisins. Að lokinni grunnupplýsingagjöf innan hvers kafla þar sem leitast er við að draga upp mynd af viðfangsefninu kemur mat úttektaraðila og bent er á leiðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Stutt samantekt er fremst í skýrslunni.

Gagnaöflun fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og sóttar hverjar þær upplýsingar sem skýrsluhöfundar töldu að myndu nýtast. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólameistara, dagsett 29. janúar 2013 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist fúslega og erindinu svarað fáum dögum síðar. Í þriðja lagi heimsóttu úttektaraðilar skólann 5.–7. mars. Markmið heimsóknarinnar var að kynnast skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma og þau voru öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda. Viðtöl voru tekin við: Skólameistara, formann skólanefndar, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra, fjármálastjóra og fulltrúa á skrifstofu, forstöðumann bókasafns, námsráðgjafa og kennslustjóra starfsbrautar, matráð og ræstingastjóra, dreifnámsstjóra og kerfisstjóra, gæðaráð, sjálfsmatshóp og fulltrúa úr foreldraráði. Auk þess voru tekin rýnivíðtöl við eftirtalda hópa: Kennslustjóra, kennara úr bóknámsgreinum, fagstjóra, kennara úr verknámsgreinum, nemendur í bóknámi, nemendur í verknámi auk stjórnar nemendafélagsins og félagsmálafulltrúa.

Óskað var liðsinnis formanns nemendafélagsins við tilnefningu nemenda í rýnihópa og trúnaðarmanns kennara um val á kennurum í rýnihóp. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá. Úttektaraðilar þakka öllum þeim sem þátt tóku í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoð með öðrum hætti við gagnaöflun.

2 Borgarholtsskóli

Borgarholtsskóli (BHS) tók til starfa árið 1996 á grundvelli samnings milli ríkis, Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar. Nemendur voru tæplega 400 talsins þegar hann var settur í fyrsta sinn og kennarar og annað starfsfólk á fimmta tug.

Meðal nýjunga hins nýja framhaldsskóla var fjölmenntabraut sem ætluð var nemendum sem voru óráðnir um námsval sitt og starfsnámsbrautir á sviði verslunar og félagsþjónustu. Strax í upphafi hófst kennsla í fornámi og á bóknámsbrautum til stúdentsprófs og iðnnámi á sviði málm- og bíliðna. Starfsemi sérnámsbrautar hófst einnig á fyrsta starfsári. Samstarf atvinnulífs og skólans var með nýstárlegum hætti því Fræðslumiðstöð bílgreina stýrði námi í bílgreinum og rak auk þess eftirmenntun bílgreinamanna í skólanum samkvæmt sérstökum samningi til ársloka 1998. Þá yfirtók skólinn alla kennslu í bíliðnum.

BHS hefur frá upphafi gert það að stefnu sinni að stuðla að bókmennt, handmennt og siðmennt nemenda sinna. Einkunnarorð skólans eru: agi, virðing, væntingar. Skólinn hefur einsett sér að vera leiðandi menntastofnun á þeim námssviðum sem boðið er upp á og lögð hefur verið áhersla á að BHS sé fyrir alla með það að markmiði að sinna þörfum samfélags og einstaklinga sem best. Hlúð hefur verið að nýjum vaxtarsprotum í skólastarfinu í samvinnu við atvinnulífið og aðra hagsmunaaðila.¹

2.1 Húsnæði og búnaður

Húsnæði BHS skiptist í tvö verknámshús, þriggja hæða bóknámshús og þriggja hæða stjórnunarálmu fyrir skrifstofu, bókasafn, mötuneyti starfsmanna og matsal nemenda. Fyrstu þrír áfangar hússins voru tilbúnir til notkunar er skólinn hóf starfsemi haustið 1996. Fjórða áfanga var lokið í árslok 1999 og var húsið þá fullbyggt. Skólanum er ætlað að hýsa um 1000 nemendur í starfs- og bóknámi. Birta og rými einkenna skólahúsið.

Almennt virðist vinnurými nemenda vel lukkað. Verknámshús eru rúm og umgengni um þau virðist góð. Fyrirkomulag í bóknámshúsnæði er nokkuð hefðbundið. Kennarar segja skólann sprunginn miðað við þann nemendafjölda sem innritaður er ár hvert. Að þeirra sögn er drepíð í hverja smugu, mörgum nemendum troðið inn að hausti og reiknað með brottfalli. Skólinn er vel þrífinn en að sögn ræstingastjóra er oft slæm umgengni í almennu rými og inni í kennslustofum sem meðal annars má rekja til mismikillar eftirfylgni kennara við að umgengnisreglum sé fylgt. Nemendur hafa læsta skápa og geta geymt þar skó og yfirhafnir.

Vinnuaðstaða kennara utan kennslustunda er þröng. Þeir hafa litla vinnubása á þriðju hæð í stjórnunarálmu og að þeirra sögn skortir þar verulega á loftræstingu. Það á við víðar á þriðju hæð skólans. Ýmsir kennaranna velja fremur að taka vinnu með sér heim en að vinna á vinnubás í kennararými.

Á haustönn 2012 voru umtalsverðir fjármunir settir í endurnýjun tækjakosts til raungreinakenndu sem hafði setið á hakanum vegna niðurskurðar. Að mati kennara þarf samt enn að bæta í. Tækjakostur á listnámsbraut er nokkuð góður en vandinn er sá, að mati kennara, að húsnæði framhaldsskóla tekur fyrst og fremst mið af bóknámi og þörfum þess. Í listnámsstofur vantar vaska og niðurföll. Þá telja kennarar að nemendur sem lenda í áföllum af einhverju tagi þyrftu að eiga kost á hvíldarherbergi.

2.2 Hlutverk og stefna

Stefnuskrá Borgarholtsskóla, samin í anda nýrra framhaldsskólalaga, leit dagsins ljós í ársbyrjun 2012. Um hana segir Bryndís Sigurjónsdóttir skólameistari:

¹ Ágrip af sögu skólans. [Án árs].

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, skapandi og framsækinn skóli sem mætir þörfum breiðs nemendahóps. Í Borgarholtsskóla geta flestir fundið nám við hæfi.

Í boði er bóknám til stúdentsprófs, verknám á sviði mál- og bíðngreina, listnám, starfsnám á sviði upplýsingatækni, félags-, uppeldis-, tómstunda- og verslunargreina, nám til framhaldsskólaprófs, nám fyrir afreksfólk í íþróttum og námsbraut fyrir fatlaða nemendur.

Framtíðarsýn skólans er skýr. Skólinn er trúr upphaflegum markmiðum sínum, býður fjölbreytt nám í hæsta gæðaflokki fyrir breiðan hóp nemenda og notar til þess viðurkennd gæðaviðmið. Borgarholtsskóli er í tengslum við nærsamfélagið, aðliggjandi skólastig og atvinnulífið og sinnir með þeim hætti breytilegum þörfum margra. Umhverfisvitund og vitund um mikilvægi sjálfbærrar þróunar er sterk meðal starfsmanna og nemenda skólans sem statar af græn fána Landverndar. Innan skólans er grannt fylgst með tækninýjungum, boðið er upp á besta búnað sem völ er á hverju sinni með það að markmiði að skila vel menntuðu fólki út í atvinnulíf og framhaldsnám. Nýsköpun er í hávegum höfð og unnið er að því að auka vægi hennar á brautum skólans. Jafnframt er lögð áhersla á skólaþróun og fagmennsku kennara. Skólinn er þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum. Leitast er við að styrkja góðan starfsanda svo að skólinn verði hér eftir sem hingað til eftirsóttur vinnustaður.

Borgarholtsskóli undirbýr af fullu kappi innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla. Áhersla er lögð á grunnþætti menntunar, fjölbreytta kennsluhætti og námsmat sem og heilsuefingu. Ætlunin er að auka skilvirkni og gera öllu námi jafnhátt undir höfði. Borgarholtsskóli verður reiðubúinn þegar kallið kemur til að hefja kennslu samkvæmt nýjum lögum.

Skólahúsnæðið er takmarkað og ljóst að það þarf að stækka og bæta á næstu árum. Sóknarfæri skólans nú liggja ekki síst í því að bregðast við þörfum fólks sem ekki getur stundað nám með hefðbundnum hætti vegna búsetu, atvinnu eða annarra ástæðna. Til þess eru nýttir kostir dagskóla og dreifnáms. Innleiðing nýrra námskosta byggist á sveigjanlegu kennsluformi.

Þessi stefnuskrá snýst um menntun í víðum skilningi. Þótt stöðugt þurfi að meta og endurmeta árangur skólastarfs verður menntun aldrei vegin og metin til fulls á hlutlægan mælikvarða því hún er í reynd ómetanlegt dýrmæti.²

Stefnuskráin er ítarlegt og rækilega sundurliðað skjal. Aðalkaflaheiti hennar eru eftirfarandi: Hlutverk; Grunnildi; Nemandinn og velferð hans; Nám og kennsla; Mannauður og skólabragur; Ábyrg samfélagsþátttaka; Framkvæmd stefnunnar. Innan hvers aðalkafla eru síðan sett fram framtíðarsýn, markmið og mælikvarðar. Stefnuskráin leggur í reynd fram nákvæmar forsendur og mælikvarða til þess að fara eftir við innra mat stofnunarinnar (fylgiskjal 2).

2.2.1 Forvarnarstefna

Engin ein forvarnarstefna hefur verið mótuð í BHS en sérstök stefnuskjöl eru um meðferð vímuefnamála, eineltismála og viðbrögð við áföllum. Í stefnuskrá skólans er ítarlega fjallað um nemandann og velferð hans. Þar segir meðal annars að skólinn „mennti nemendur til heilbrigðra lífshátta og skapi umhverfi og aðstæður sem taka mið af því, m.a. með öflugum forvarnastarfi.“³ Þeir kennarar bera starfsheitið félags- og forvarnarfulltrúi og starfa þeir með nemendafélagi skólans.

Skólinn hefur skipað áfallaráð sem í eiga sæti starfsmenn skólans, fulltrúi nemenda, prestur, yfirlæknir heilsugæslustöðvar og lögregla. Þá hefur skólinn mótað reglur um meðferð eineltismála svo og vímuefnamála.

² Stefnuskrá. (2013).

³ Sama heimild.

2.2.2 Jafnréttisstefna

Ítarleg jafnréttisáætlun er á heimasíðu BHS og var hún síðast endurskoðuð af jafnréttisnefnd skólans í apríl 2012. Jafnréttisnefndin er skipuð til tveggja ára í senn og í henni eiga sæti einn fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendafélagi, einn fulltrúi kennara og einn fulltrúi annarra starfsmanna, báðir tilnefndir á starfsmannafundi.

Megináherslur skólans í jafnréttismálum eru fimm samkvæmt áætluninni:

- Að vinna gegn staðalmyndum kynjanna eins og þær birtast bæði í orðræðu og myndmáli.
- Að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri til starfa, stjórnunar, starfsþróunar og endurmenntunar. Að nemendur hafi jafna möguleika til náms.
- Að jafna hlutfall kynja meðal starfsmanna. Sömuleiðis er stefnt að því að jafna hlutfall kynja meðal nemenda á öllum námsbrautum. Ekkert starf eða nám flokkist eftir kynjum. Karlar og konur njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf.
- Að nemendum og starfsmönnum sé gert kleift að samræma nám, vinnu og einkalíf sem kostur er.
- Að líða ekki einelti, fordóma, ofbeldi, eða kynferðislega áreitni.⁴

Settar eru fram sundurliðaðar aðgerðir til þess að vinna að þessum áherslum, mæli-kvarðar eru tilgreindir, ábyrgðaraðilar sömuleiðis og hverri aðgerð er markaður ákveðinn tímarammi.

2.2.3 Umhverfisstefna

Umhverfisstefna BHS hvílir á stefnuskrá hans. Í henni felast meðal annars eftirfarandi markmið:

- Að glæða skilning nemenda á náttúrunni og nauðsyn góðrar umgengni við hana.
- Að auka þekkingu nemenda á sjálfbærri þróun og hófsamri nýtingu auðlinda.
- Að skapa nemendum tækifæri og hvetja þá til útivistar í íslenskri náttúru.
- Að stuðla að góðri umgengni nemenda og starfsmanna um sitt nánasta umhverfi.
- Að efla skilning nemenda á mengunarvöldum og forvörnum á því sviði.
- Að stuðla að aukinni ábyrgð og þekkingu starfsmanna á umhverfismálum.⁵

Að markmiðunum eru skilgreindar allmargar leiðir. Þar segir að þær geti meðal annars falist í lífsleiknikennslu, skýrum reglum um meðferð spilliefna, samvinnu við samtök um gróðurvernd og reglulegar gróðursetningarferðir, reglulegri útivist í íþróttááföngum og dagsferðum í jarðfræði og líffræði. Þá sé mikilvægt að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar fléttist sem víðast inn í námið.

Skólareglur kveða skýrt á um góða umgengni og útiskó má ekki nota í kennsluhúsnæði og göngum. Starfsmenn eru styrktir til þátttöku á námskeiðum og ráðstefnum sem lúta að umhverfisvernd, bæði til eflingar kennslu og aukinnar eftirfylgni með umhverfisvænni stefnu. Hefð er að hver nemandi sem brautskráist að vori fái litla birkiplöntu til gróðursetningar með skírteini sínu.⁶

Loks skal nefnt að skólinn hefur unnið til grænánans og hann heldur úti sérstökum umhverfisvef.⁷

⁴ Jafnréttisáætlun. (2012).

⁵ Umhverfisstefna. [Án árs].

⁶ Sama heimild.

⁷ Umhverfisvefur BHS.

2.3 Bókasafn

Bókasafn Borgarholtsskóla byggðist upp með nýjum skóla. Það er mikið notað, staða þess er sterk og það færir í vöxt að kennarar komi með hópa til vinnu þar. Safnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur, kennara og starfsfólk. Það er búið bókum, tímaritum, kortum, gögnum á tölvutæku formi, myndefni og hljóðritum sem tengjast kennslugreinum skólans. Einnig er boðið upp á efni sem hvetur nemendur til bókmenntalesturs og stöðugar þekkingarleitar í leik og starfi.⁸ Í töflu 1 er yfirlit yfir útlán eina viku á haustönn 2011.⁹

Tafla 1: Útlán, fyrirspurnir, aðstoð og upplýsingaþjónusta á bókasafni 7.–11. nóvember 2011.

	Útlán – fjöldi einstaklinga	Bók/efni/leit	Tölvur/prentun	Ljósritun	Tæki/tól	Ritföng	ALLS
Mánud.	39	44	9	2	15		109
Þriðjud.	92	94	8		16	1	211
Miðvikud.	63	60	12	3	10	2	150
Fimmtud.	77	64	7	3	15	1	167
Föstud.	32	36	12	1	9	4	94
Meðaltal:	60,6	59,6	9,6	2,3	13,0	2,0	731

Á safninu er góð vinnuaðstaða þar sem nemendur geta undirbúið sig fyrir kennslustundir, unnið að verkefnum og ritgerðum eða nýtt safngögnin á annan hátt. Einnig er aðstaða til hóp- og tölvuvinnu, hlustunar, myndbandanotkunar og ljósritunar. Í tölvum safnsins er hægt að finna hvaða gögn eru til á safninu, skoða geisladiska og leita að heimildum á internetinu.

Í vikunni sem skoðuð var heimsóttu 2194 einstaklingar safnið (Tafla 2).¹⁰

Tafla 2: Fjöldi gesta vikuna 7.–11. nóvember 2011 skv. teljara.

Vikudagur	Fjöldi
Mánudagur	450
Þriðjudagur	476
Miðvikudagur	431
Fimmtudagur	516
Föstudagur	321
Alls í viku:	2194

Meginþungi starfsins féll á tímabilið 9:45–12:30 og eftirtektarvert er að eftir að hefðbundnum kennslutíma lauk dró úr heimsóknum sem gefur til kynna að nemendur nýti safnið ekki til heimanáms.

Alls eru um 8900 bækur, kort, myndbönd, mynddiskar, snældur, geislaplötur og geisladiskar á safninu er tengjast kennslugreinum skólans ásamt undirstöðuefni í öðrum fræðigreinum. Tímarit í áskrift eru 47 og vefbókasafnið Snara.is (orðabækur og fleira) er aðgengilegt í öllum tölvum á netsvæði skólans. Bókasafnið greiðir fyrir landsaðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum.

Haustið 2006 var skipt um tölvukerfi og gögn safnsins skráð í Gegni, landskerfi bókasafna. Báðir starfsmenn safnsins hafa heimild til að skrá í það. Útlán um Gegni hófust í janúar 2007. Á safninu eru þrettán tölvur fyrir nemendur. Tvær þeirra eru myndvinnsluvélar og tengdar skanna. Tvær tölvur eru eingöngu til að leita í tölvuskra safnsins.¹¹

⁸ Bára Stefánsdóttir. (2011).

⁹ Bára Stefánsdóttir. (2013).

¹⁰ Sama heimild.

¹¹ Bókasafn. [Án árs].

Forstöðumaður safnsins gerir fjárhagsáætlun fyrir það og heldur utan um fjárreiður þess. Hann annast innkaup og kvittar upp á reikninga sem fara til greiðslu. Bókasafnið varð að sögn forstöðumanns að sæta miklum niðurskurði í kjölfar bankahrunsins 2008. Framlög lækkuðu á skömmum tíma úr 2,1 m.kr. í 1,5 m.kr. eða um 29%.

2.4 Tölvur og upplýsingatækni

Tölvukerfi Borgarholtsskóla er í góðu lagi að mati kerfisstjóra. Því er skipt í tvö aðskilin net, staðarnet og þráðlaust net. Þráðlausa netið er opið, ekki þarf lykilorð eða sérstakar stillingar til þess að komast inn á það. Á staðarnetinu eru sjö tölvustofur og einnig hafa nemendur aðgang að tölvum á bókasafni. Hver nemandi hefur heimasvæði sem honum er aðgengilegt úr hverri þessara tölva sem er.¹²

Skólinn keyrir sjálfur öll kerfi sem hann hefur yfir ráða, engu er útvistað. Áföll hafa vissulega orðið að sögn kerfisstjóra en tækjabúnaður er nú betri en áður. Skólinn fær hverjum kennara fartölvu og er þeim meðal annars ætlað að tengja þær í kennslustofum vilji þeir nota skjávarpa. Að sögn kerfisstjóra var gert átak í tölvukaupum fyrir efnahagshrunið sem gerði niðurskurð þolanlegan í nokkur ár og nú sé vilji af skólans hálfu til að setja aukið fjármagn að nýju í tölvukaup.

Það var álit viðmælenda að fartölvueign og fartölvunotkun nemenda hafi dregist nokkuð saman undanfarin misseri en í staðinn beri allmikið á snjallsímum og spjaldtölvum.

Mikið samstarf er á milli kerfisstjóra og dreifnámsstjóra. Af hálfu BHS hefur verið tekin ákvörðun um að breyta kennsluháttum og opna kennslustofuna með kennsluforritinu Moodle. Stefnan er sú að fara sér hægt og gera ekki ófrávíkjanlega kröfu á hendur kennurum að nota kerfið sem í þýðingu dreifnámsstjóra nefnist Námsþing. Um það bil þriðjungur kennara nýtir forritið til samskipta við nemendur, setur þar inn námsáætlanir, verkefni, innlagnarefni, tímastíllt próf, sundurliðaða einkunnabók og ýmislegt annað. Annar þriðjungur kennara nýtir sér forritið nokkuð en er ekki þar inni daglega. Þriðjungur kennarahópsins nýtir forritið mjög lítið eða ekkert. Að mati dreifnámsstjóra er raunhæft að auka tölvustudda kennslu innan BHS.

2.5 Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar í Borgarholtsskóla eru tveir ásamt dyslexíuráðgjafa. Hlutverk þeirra eru skilgreind á heimasíðu skólans og þeim er ætlað „að standa vörð um velferð nemenda á sem breiðustum vettvangi.“¹³ Þá segir á síðunni að stuðningur náms- og starfsráðgjafa skólans felist meðal annars í eftirfarandi:

- Ráðgjöf um vinnubrögð í námi og námsaðferðum.
- Persónulegri ráðgjöf og stuðningi í vanda eins og dyslexíu, námsleiða, mætingum, kvíða, þunglyndi, vímuefnavanda, langtímaveikindum og fötlun.
- Umsjón með stuðningi samnemenda; jafningjastarfi/nemendaráðgjöf.
- Námsstækninámskeiðum, prófkvíðanámskeiðum og stuðningsnámskeiðum.
- Ráðgjöf við náms- og starfsval:
 - Áhugasviðspróf (Strong, IDEAS).
 - Miðlun upplýsinga um möguleika og framboð á námi og störfum.
 - Tengsl við önnur skólastig og atvinnulíf.

¹² Tölvuþjónusta. [Án árs].

¹³ Náms- og starfsráðgjöf. [Án árs].

2.6 Heilsugæsla

Í Spönginni, verslunar- og þjónustumiðstöð í næsta nágrenni skólans, er heilsugæslustöð sem þjónar íbúum Grafarvogs og hefur skólinn leitað þangað ef á hefur þurft að halda. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að samkomulag er milli Borgarholtsskóla og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins varðandi vág eða voveiflega atburði þar sem Borgarholtsskóli verður bækistöð fyrir heilsugæslustöðina í Grafarvogi. Heilsugæslustöðin annast bólusetningar fyrir skólann og skólinn sendir nemendur þangað þegar á þarf að halda. Yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar er í áfallateymi skólans.

2.7 Mötuneyti

Í upphafi haustannar 2011 tók ISS við umsjón á rekstri mötuneytis fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Auk forstöðumanns starfa þar fjórir starfsmenn. Í boði er morgunmatur og hádegismatur og er allur matur eldaður í skólanum. Ávallt er gætt að því að nemendur hafi val um rétti í hádegi auk þess sem þeir geta valið af salatbar. Misjafnt er hversu vel nemendur nota máltíðir sem til boða eru en að jafnaði fara 30–60 matarskammtar á degi hverjum. Stök máltíð er seld á 850 krónur. Mikil sala er í ávöxtum og skyrdrykkjum auk þess sem mikið fer af rúnnstykkjum. Ekki er mikið um að nemendur komi með nesti.

Í sjálfsmati skólans 2012 kemur fram að 62% yngri nemenda finnst mötuneytið gott en 11% eru því ósammála. 27% eldri nemenda svara því hins vegar til að mötuneytið sé gott en rúmlega helmingi þeirra finnst það ekki. Að áliti innra matsteymis snýr óánægja nemenda frekar að matarverðinu en framboðinu og það segir samstarf skólans og rekstraraðilans hafa gengið vel og sé í stöðugri þróun.¹⁴

Skólinn tekur þátt í verkefninu heilsueflandi skóli og við það breyttust áherslur í fæðuframboði í mötuneyti. Leitast er við að hafa hollan, góðan og fjölbreyttan mat í boði ásamt góðu úrvali af hollustuvörum. Í anda átaksins er framboð á gosi og sætindum í lágmarki og verð á þeim vörum í hærra lagi.¹⁵ Erfitt er þó um vik því í Spönginni, verslunar-kjarna í næsta nágrenni skólans, er fjölbreytt úrval af hvers konar skyndibita sem nemendur sækja sér í frímínútum og öðrum hléum.

2.8 Skrifstofa

Á skrifstofu BHS eru veittar allar almennar upplýsingar er varða nám og kennslu. Þar eru gefin út skólavottorð, staðfestingar um skólavist og á námslokum og þar er tekið við tilkynningum um veikindi og leyfisbeiðnum.¹⁶

Í niðurstöðum úr innra mati 2012 má sjá að 54% yngri nemenda og 45% eldri nemenda finnst þjónusta skrifstofu góð en 16% yngri nemenda og 26% eldri nemenda eru öndverðrar skoðunar. Helmingur yngri nemenda segist ánægður með viðmót starfsfólks skrifstofu en 15% óánægð. Verulegur munur er á afstöðu eldri nemenda til þessarar spurningar en 9% þeirra eru ánægð með viðmót starfsfólks og 37% óánægð. Í skýrslu um matið kemur fram að starfsfólk hafi verið upplýst um óánægjuna og því boðið á tilheyrandi námskeið.¹⁷

¹⁴ Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2011–2012. (2012), bls. 9.

¹⁵ Matsala. [Án árs].

¹⁶ Skrifstofa. [Án árs].

¹⁷ Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2011–2012. (2012), bls. 9–10.

2.9 Mat úttektaraðila

- Húsnæði BHS er fullnýtt og jafnvel betur en það. Aðstaða til náms og kennslu er góð og auðvelt aðgengi um skólann. Húsin eru vel hirt en umgengni má bæta.
- Vinnuaðstaða kennara er þröng og loftræsting þar léleg.
- Stefnuskrá BHS er ítarleg og vel sundurliðuð og tekur til margra þátta skólastarfsins. Hún leggur í reynd fram skýrar forsendur og mælikvarða fyrir innra mat.
- Samin hafa verið góð stefnuskjöl um meðferð vímuefnamála, eineltismála og viðbrögð við áföllum.
- Skólinn hefur skýrar skólareglur, umhverfisstefnu og jafnréttisáætlun.
- Bókasafn BHS er virk upplýsingamiðstöð fyrir nemendur, kennara og starfsfólk. Vinnuaðstaða nemenda þar er góð, safnið er mikið notað og staða þess innan skóla virðist sterk.
- Vel er sinnt um tölvu- og upplýsingakerfi skólans og hann hefur haft forgöngu um þýðingu og þróun notkunar á Moodle kennslukerfinu sem hlotið hefur heitið Námsþing.
- Virkja þarf kennara til þess að nota Námsþing meira og betur. Um þriðjungur þeirra notar það lítið eða ekkert.
- Náms- og starfsráðgjöf er vel sinnt.
- Mötuneyti nemenda og starfsmanna er gott og það styður vel við markmið skólans um heilsueflandi skóla. Nemendum þykir verðlagið hins vegar hátt og samkeppni við söluaðila skyndifæðis utan skólans er hörð.

3 Nám og kennsla

Á heimasíðu Borgarholtsskóla segir að 15 námsbrautir séu í boði og skiptast þær á fimm áherslusvið sem hér segir (Tafla 3):

Tafla 3: Námsbrautir í Borgarholtsskóla.

Bóknám til stúdentsprófs

Félagsfræðibraut

Málabraut

Náttúrufræðibraut

Viðskipta- og hagfræðibraut

Viðbótarnám til stúdentsprófs

Afreksíþróttasvið

Iðnnám - Starfsnám

Bíliðnir (4)

Málm- og véltækni (5)

Verslunarbraut

Félagsliðabraut

Nám fyrir stuðningsfulltrúa, skólaliða og leiðbeinendur í leikskóla

Lista- og fjölmiðlasvið

Prent- og skjámiðlun


Margmiðlunarhönnun

Framhaldsskólabraut

Sérnámsbraut

Í raun virðast námsleiðirnar við skólann mun fleiri því í gögnum frá skólameistara um innritun á vormisseri 2013 eru tilgreindar 34 leiðir sem nemendur eru skráðir á. Skólinn brautskráði nemendur af átján ólíkum námsleiðum haustið 2012 og tuttugu vorið á undan.¹⁸ Málbrautin mun hverfa með nýju námsskipulagi og tungumál verða kennd undir öðrum sviðum.

46% nemenda dagskólans stunda nám á stúdentsprófsbrautum og 21% stunda nám í bílgreinum. Lista- og fjölmiðlasvið er með tæp 13% og málmgreinar eru með 10% nemenda en aðrar námsbrautir með minna (Mynd 1).



Mynd 1: Þróun aðsóknar á brautir eða námsvið Borgarholtsskóla 2006–2012.¹⁹

Fremur litlar sveiflur hafa orðið í aðsókn á einstaka áherslusvið. Hluttur stúdentsprófsbrauta hefur öll árin verið yfir 40%, fór hæst í 46% en lægst í 40%. Bílgreinar tóku á fyrri

¹⁸ Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 28.5.

¹⁹ Sama heimild.

hluta tímabilsins til sín um fjórðung nemenda en hin síðari ár hefur þeirra hlutur heldur lækkað og verið um 20%. Þá hefur hlutur málmiðngreina farið vaxandi hin síðari ár, vaxið úr 6,4% árið 2007 í 10,2% árið 2012. Á árunum 2006–2009 var lista- og fjölmiðlasvið með tæp 16% nemenda en hefur síðari ár gefið aðeins eftir og er árið 2012 með tæp 13%.

3.1 Dreifnám

Borgarholtsskóli býður upp á dreifnám á nokkrum námsbrautum og innrituðust 211 nemendur á haustönn 2012. Til að þróa þetta kennsluformið hefur skólinn lagt mikla vinnu í að þýða kennsluforritið Moodle sem kallast Námsþing á íslensku. Fjórðungur af starfi dreifnámsstjóra hefur farið í þýðingu og umsýslu þess. Í dreifnámi eru eftirtaldar námsbrautir í boði (Tafla 4):²⁰

Tafla 4: Námsbrautir í dreifnámi.

Margmiðlunarhönnun	Aðstoðarfólk í leik- og grunnskóla ²¹
Upplýsingatækni / bókasafnstækni	Leiðbeinandi í leikskólum
Félagsliði	Félagsmál og tómstundir
Viðbótarnám fyrir félagsliða	Bílgreinar
	Málm- og véltæknigreinar

Námið fer að mestu fram á vefnum og er ætlað nemendum sem vegna búsetu eða fjölskylduaðstæðna geta ekki sótt nám í dagskóla. Til að hljóta inngöngu verða þeir að hafa náð átján ára aldri og hafa lokið sem svarar einu ári í framhaldsskóla.

Námið byggir á verkefnavinnu, staðbundnum lotum þar sem nemendur hittast með kennara þrisvar sinnum á önn, og netumræðum. Vikulegir fundir eru á netinu þar sem kennari og nemendur ræða námsefnið. Skyldumæting er í staðbundnar lotur og í umræðutíma á neti.

Að jafnaði eru staðbundnar lotur þrjár á önn, þ.e. í upphafi annar, um miðbik annar og í lok annar. Þetta fyrirkomulag gerir nemendum kleift að uppfylla markmið námsins hvað varðar hópvinnu og umræður auk þess sem þeir öðlast hæfni í ýmsum tæknilegum atriðum.

Dreifnámsstjóri er í hálfu starfi og annast daglega umsýslu. Með honum starfar kennslustjóri sem hefur með höndum faglega umsjón. Dreifnámið fór illa út úr kreppunni og var skorið niður um allt að 50%. Námsframboðið er þó að taka við sér að nýju og nemendum fjölgar.

3.2 Náms tími

Vorið 2012 brautskráðust 189 nemendur frá Borgarholtsskóla og var meðalnámstími þeirra 7,8 annir. Á haustönn sama ár brautskráðust frá skólanum 95 nemendur og var meðalnámstími þeirra 6,7 annir.²²

3.3 Skólanámskrá

Í 22. grein laga um framhaldsskóla segir að sérhver framhaldsskóli skuli gefa út skólanámskrá sem skiptist í almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við

²⁰ Dreifnám BHS. [2013].

²¹ Skólaliðar og stuðningsfulltrúar.

²² Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). *Borgarholtsskóli: ársskýrsla 2012*, bls. 5.

nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kýs að kveða á um. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar.²³

Skólanámskrá Borgarholtsskóla er ítarlegt plagg og liggur á vef skólans. Hún geymir þann ramma sem skólastarfinu er búinn og nýtist nemendum og kennurum í daglegu starfi, meðal annars ýmsar stefnuskrár skólans og áherslur, skólareglur og fleira.²⁴

3.3.1 Kennsluhættir

Í stefnuskrá Borgarholtsskóla segir m.a. að áhersla sé lögð á að kennsluhættir og námsmat séu fjölbreytt og nemendur hvattir til að bera ábyrgð á eigin námi. Kostir upplýsingatækni og fjarkennslu eru nýttir og nemendur í iðn- og starfsnámi fá fjölbreytta þjálfun á vettvangi. Lögð er áhersla á námsástundun, námsframvindu og að draga úr brotthvarfi. Á öllum námsbrautum eru grunnþættir menntunar hafðir að leiðarljósi: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Miðlun upplýsinga á að vera skilvirk og nemendur eru upplýstir um kröfur sem gerðar eru til þeirra.²⁵

Tvenns konar og jafnvel þrenns konar kennslufyrirkomulag er í BHS eftir því á hvaða námssvið er litið. Að frátöldu hefðbundnu bóknámi í stærstum hluta skóla er tíðkað lotunám í bílgreinum sem lýsir sér í því að hverri námsönn er skipt upp í námslotur. Stakir námsþættir eru kenndir samfellt í tiltekinn tíma og þeim lokið áður en nýr tekur við. Þetta gerir það að verkum að nemendur geta einbeitt sér að skýrt afmörkuðum viðfangsefnum hverju sinni en hugsa ekki um margar greinar eins og tíðkast í bóknámi. Þetta fyrirkomulag einfaldar skipulag innan sviðsins en um leið skapast hættu á árekstrum þegar nemendur þurfa að sækja bóknámsáfangu þar sem hefðbundin kennsla fer fram og frímínútur falla ekki endilega saman.

Mikil ánægja er með þetta náms- og kennsluform meðal kennara í bílgreinum og nemenda þeirra. Það er samt mjög krefjandi gagnvart báðum aðilum því það að mæta ekki í tíma getur haft alvarlegar afleiðingar. Aðhald er þar með mikið og að mati nemenda, kennara og kennslustjóra hefur þetta form bætt skólasókn til muna. Um þá túlkun er þó nokkur ágreiningur milli bóknáms- og verknámskennara.

Í ársskýrslu 2012 segir að niðurstöður könnunar í innra mati sýni að nemendur kalli eftir fjölbreyttari kennsluháttum en tíðkast í skólanum og voru þeir aðalþema starfsdags í mars 2012.²⁶ Nú eru kenndir áfangar í myndlist, kvikmyndagerð og leiklist. Í samræðum við nemendur kom fram að þeir vilja gjarnan geta átt kost á enn fjölbreyttara vali óhefðbundins náms í framhaldsskóla, s.s. hannyrðum. Athyglisvert er að í skýrslu um innra mat í BHS skólaárið 2011–2012 er engin grein gerð fyrir þessari afstöðu nemenda né hvað skólinn hyggst gera til að ráða bót á.

Áfangakannanir voru síðast gerðar í nóvember 2011 og mars 2012. Það tekur fjögur ár að meta alla áfanga, niðurstöður eru trúnaðarmál á milli kennara og stjórnenda og eru ræddar í starfsmannasamtölum.

Í stefnuskrá BHS eru tilgreindir margir þættir sem eiga að verða til þess að nám og kennsla við Borgarholtsskóla sé til fyrirmyndar. Af innra matsskýrslu er ekki að sjá að matið beini sjónum sérstaklega að þessum þáttum.

²³ Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

²⁴ Skólanámskrá. [Án árs].

²⁵ Stef nuskrá. (2013).

²⁶ Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). *Borgarholtsskóli: ársskýrsla 2012*, bls. 6.

3.3.2 Námsmat

Skólanámskrá BHS leggur áherslu á að námsmat sé fjölbreytt. Vilji skólans er að auka símat, þ.e. námsmat án sérstaks lokaprófs. Með því verði stuðlað að bættum vinnubrögðum nemenda og jafnari dreifingu álags. Í bíliðngreinum fer námsmat fram fram samhliða kennslu þó svo að í einstökum námsþáttum geti verið um lokapróf að ræða.²⁷

Um miðja hverja önn fá nemendur mat sem er hugsað sem umsögn um ástundun (virkni í tímum, heimavinnu, verkefnaskil, einkunnir á skyndiprófum, mætingu o.þ.h.) og er það skráð í Innu. Einkunnaskalinn eftirfarandi:

- A = Afar góð ástundun. Ef nemandinn heldur svona áfram getur hann náð mjög góðum árangri í áfanganum.
- G = Góð ástundun. Ef nemandinn heldur svona áfram getur hann náð nokkuð góðum árangri í áfanganum en gæti gert betur.
- V = Vart viðunandi ástundun. Nemandinn þarf að bæta sig til þess að ná viðunandi árangri í áfanganum.
- O = Óviðunandi ástundun. Nemandinn þarf að bæta sig verulega til þess að eiga möguleika á að ná áfanganum.

Matið á að vera hvatning til nemandans um að halda áfram á réttri braut eða taka sig á.

Á almennum námsbrautum (AN I og II), sem nú eru tilraunakenndar undir nafninu framhaldsskólabraut, eru lögð fyrir svokölluð tarnarpróf um miðja önn. Það er gert til að skapa skil í námi fyrir nemendur brautanna. Einkunnir eru sendar foreldrum/forráðamönnum í pósti ásamt upplýsingum um viðveru og ástundun.²⁸

3.3.3 Námsáætlanir – kennsluáætlanir

Kennarar gera kennsluáætlanir sem kynntar eru nemendum og lagðar inn á Námsþing. Búið er að ráða verkefnisstjóra gæðamála og kennsluáætlanir hafa verið samræmdar og tilrauna-notaðar í eitt ár.

3.4 Þróunarverkefni

Unnið er að mörgum þróunarverkefnum í Borgarholtsskóla og hafa starfsmenn hans verið iðnir við að sækja eftir styrkjum vegna þeirra. Flest tengjast verkefnin iðn- og starfsnámi. Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara er nú unnið að eftirtöldum þróunarverkefnum.²⁹

Starfsmenntasjóður NVV:

- *Breytt skipan náms í bifvélavirkjun vegna nýorkubifreiða.* 1.610 þús. kr. styrkur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Áætluð verklok í lok vorannar 2013.
- *Hagnýtt verslunarnám.* 1.992 þús. kr. styrkur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Áætluð verklok í lok vorannar 2013.
- *Þróun náms á fjórða þrepi í bíliðngreinum.* 1.600 þús. kr. styrkur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Áætluð verklok í lok vorannar 2013.

Styrkir til eflingar starfsmenntunar:

- *Þjónustubrautir.* 1.940 þús. kr. styrkur til að þróa vinnustaðanám í samvinnu við Starfsmennt, Ás, Klettaskóla, Örga og SFR. Áætluð verklok haustönn 2013.
- *Framhaldsskólalapróf og sérnámsbraut.* 1.950 þús. kr. styrkur til að þróa vinnustaðanám fyrir seinni hluta framhaldsskólaprófs og sérnámsbraut. Áætluð verklok haustönn 2013.

²⁷ Námsmat. [Án árs].

²⁸ Miðannarmat – Tarnarpróf. [Án árs].

²⁹ Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 27.2.

- *Málm- og bíliðngreinar.* 1.900 þús. kr. styrkur til að skipuleggja samræmt grunnnám í málm- og bíliðngreinum í samstarfi við Samtök iðnaðarins og FIT, iðn- og tæknigreinar. Áætluð verklok haustönn 2013.
- *Stál- og blikksmíði.* 2.000 þús. kr. styrkur til að endurskoða námskrá í stál- og blikksmíði í samvinnu við Samtök iðnaðarins og Félag blikksmíðjueigenda. Áætluð verklok haustönn 2013.
- *Vélvirkjun og rennismíði.* 2.000 þús. kr. styrkur til að endurskoða námskrá í rennismíði og vélvirkjun í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Marel. Verklok áætluð haustönn 2013.

Sprotasjóður:

- *Diplómanám í margmiðlun.* 2.000 þús. kr. framhaldsstyrkur til að þróa diplómanám á fjórða þrepi í dreifnámsformi. Áætlað að tilraunakenna námið haustið 2013. Verklok áætluð haustið 2013.
- *Frumkvöðlar í Borgarholtsskóla.* 3.500 þús. kr. styrkur veittur til að þróa þverfaglegan áfanga. Áætluð verklok haust 2014.
- *Lýðræði í verki.* 1.000 þús. kr. styrkur veittur. Áætluð verklok vor 2013.

Verkefnasjóður skólasamninga:

- *Gæðastefna Borgarholtsskóla.* 1.000 þús. kr. styrkur til að þróa gæðastefnu og móta gæðahandbók með starfslýsingum, ferlum o.fl. Áætluð verklok vor 2013.


Auk framantalinna verkefna er skólinn aðili að verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli og er með Grænfánann.

3.5 Mat úttektaraðila

- Námsframboð í Borgarholtsskóla er fjölbreytt. Nokkuð stöðug aðsókn er á einstakar námsleiðir en hlutur stúdentsprófsbrauta fer þó heldur vaxandi.
- Hugtakanotkun um námsleiðir er fremur ruglingsleg.
- Dreifnám BHS er athyglisvert námstilboð sem líklegt er að geti dafnað verulega.
- Skólanámskrá Borgarholtsskóla er ítarleg og liggur á vef skólans. Hún geymir daglegan ramma skólastarfsins, ýmsar stefnuskrár skólans og áherslur, skólareglur og fleira.
- Áhugaverð umræða fer fram innan skólans um kennslufyrirkomulag, einkum um gildi lotunáms.
- Markmið um fjölbreytta kennsluhætti virðast ekki nást nægilega fram. Efla þarf lærdómssamfélagið innan skóla til þeirra verka.
- Skipulega er unnið að þróun fjölbreyttra námsmatsaðferða.
- Stjórnendur og kennarar BHS hafa sótt marga styrki til hvers konar þróunarstarfs, mótunar námsbrauta og námsleiða.
- Unnið er að þróun gæðakerfis sem tryggir vandaðan yfirlestur kennsluáætlana áður en þær eru lagðar fram.

4 Nemendur

Nemendafjöldi í dagskóla í Borgarholtsskóla hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2000 en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands hefur nemendapróunin frá árinu 2001 verið eins og mynd 2 sýnir.³⁰



Mynd 2: Þróun nemendafjölda 2001–2011.

Eins og sjá má varð stöðug fjölgun nemenda til ársins 2007 er hún stöðvaðist og fækkaði heldur til 2009 er tók að fjölga að nýju.


Við upphaf vorannar 2012 voru nemendur alls 1415. Þar af voru 1267 í dagskóla og 148 í dreifnámi. Við lok vorannar skilaði skólinn sjö nemendaígildum umfram skólasamning. Á haustönn 2012 hófu nám 1452 nemendur. Þar af 1244 í dagskóla og 208 í dreifnámi. Skólinn skilaði 56 umframnemendaígildum við árslok. Umtalsverð aukning í nemendafjölda á árinu 2012 skýrist af þátttöku skólans í verkefninu Nám er vinnandi vegur sem sett var af stað að frumkvæði ríkisstjórnarinnar. Ennfremur tók skólinn þátt í verkefni fyrir atvinnuleitendur á vegum Vinnumálastofnunar.³¹

Nemendahópur skólans spannar vítt aldursbil en elsti nemandinn er á sextugasta aldursári, fæddur 1953 (Mynd 3).³²

³⁰ Framhaldsskólar. (2013).

³¹ Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). *Borgarholtsskóli: ársskýrsla 2012*, bls. 2–3.

³² Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 27.2.




Mynd 3: Nemendur í Borgarholtsskóla haust og vor 2012–2013 eftir aldri.

Lítill munur er á fjölda kynja á aldursbilinu 24 ára til 30. Konur eldri en 30 ára eru talsvert fleiri en karlar á haustönn en á vorönninni eru karlarnir mun fleiri. Meðal nemenda sem fæddir eru 1990 og síðar eru karlarnir fleiri en konurnar hvort sem er á haustönn eða vorönn.

Skólinn sinnti lögbundinni fræðsluskyldu með því að veita unglingum undir 18 ára aldri forgang við inntöku á síðasta almanaksári. Tekið var mið af skólasamningi og varð skólinn meira en fullskipaður. Við inntöku var einnig horft til þess að gera nemendum sem gert höfðu hlé á námi kleift að ljúka því.³³

Flestir nemendur Borgarholtsskóla koma úr Grafarvogi eða Grafarholti. Á árinu 2012 komu 44% úr þessum hverfum og önnur 23% úr öðrum hverfum Reykjavíkurborgar (Mynd 4). Þriðjungur nemenda kemur annars staðar að, þar af um tíundi hver af landsbyggðinni.³⁴



Mynd 4: Upptökusvæði Borgarholtsskóla 2008–2012.

³³ Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). *Borgarholtsskóli: ársskýrsla 2012*, bls. 3.

³⁴ Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). Bréf til úttektaraðila, dags. 28.5.

Mosfellsbær var meðal stofnenda Borgarholtsskóla og úr bæjarfélaginu komu 14% nemenda árið 2008. Hlutfall nemenda úr Mosfellsbæ hefur verið svipað undanfarin ár. Hæst varð hlutfall Mosfellinga í nemendahópnum árið 2009, 16%. Árið 2010 var það 14% og 2011 13%. Árið 2012 var hlutfallið 13%.

Meðalhópastærð á vorönn 2013 er breytileg eftir námsleiðum en að jafnaði eru 17,4 í náms hópi sé litið til skólans í heild. (Tafla 5).³⁵

Tafla 5: Meðalhópastærðir á vorönn 2013.

Nám	Viðmiðunarstærð	Meðalstærð
Verklegt nám	12	11,9
Listnám	15	12,3
Tölvur	18	16,3
Raungreinánám	22	20
Bóklegt nám	25	24,7

Bóknámshópar eru fjölmennastir, í verklegum greinum er meðalstærð hópa í góðu samræmi við viðmiðunarstærð en eilítið undir viðmiðum í listnámi og tölvum.

4.1.1 Brottfall og fjarvistir

Að mati aðstoðarskólameistara er meiri brottfallshætta í BHS en í mörgum öðrum skólum sökum samsetningar nemendahópsins. Mikil hætta sé á brottfalli af framhaldsskólabraut en þrátt fyrir allt hafi tekist mjög vel til með þann nemendahóp og brottfall innan við 10%. Kvað hann stjórnendur ánægða með þann árangur.

Í skólanum er starfandi mætingarráð sem hefur það hlutverk að fylgjast með mætingum og brottfalli nemenda og taka saman upplýsingar. Hugmyndin að mætingarráði varð til í vinnuhópi sem fjallaði um hvernig mætti bæta mætingar í skólann. Ráðið gefur árlega út skýrslu sem felur í sér upplýsingar um þessa þætti. Í töflu 6 eru ýmsar forvitnilegar upplýsingar um mætingar og brottfall í Borgarholtsskóla og samanburður gerður á hausti 2011 og 2012.³⁶

Tafla 6: Mætingartölur og brottfall á haustönnum 2011 og 2012.

	Haust 2012		Haust 2011	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Heildarfjöldi nemenda				
Upphaf annar*	1233		1302	
Lok annar	1192		1257	
Brotthvarf	41	3,3	45	3,5
Nemendur undir 70% raunmætingu	204	17,1	205	17,2
Nemendur undir 85% heildarmætingu	251	21,1	253	21,2
Fjöldi nemenda sem mætt hafa 100%	39	3,3	35	2,9
Fjöldi nemenda yfir 95%	271	22,7	350	29,4
Fjöldi áminninga	495	41,5	632	53
Úrsagnir úr námi	41	3,3	59	4,5
Úrsagnir úr einstökum áföngum	220		406	
*Miðað við 15. september				

³⁵ Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 27.2.


³⁶ Sama heimild.

Brotthvarf var 3,3–3,5% á hvorri þessari önn og samkvæmt upplýsingum frá mætingastjóra var brottfall á vorönn 2012 11,3%.

Hlutverk mætingastjóra er að hafa umsjón með þeim nemendum sem ekki hafa stundað nám sitt í samræmi við það sem skólareglur kveða á um. Hann tók það upp hjá sér að taka saman tölfræðilegt yfirlit yfir mætingar þar sem honum þótti umræðan ekki byggja á nægilega nákvæmum upplýsingum. Mætingastjóri hefur samband við nemendur sem sýna slaka skólasókn, grennslast fyrir um ástæður slakra mætinga og gerir í framhaldi af því sérstakan námssamning við viðkomandi með það að markmiði að bæta ástundun. Hann fylgir því eftir að samningurinn sé haldinn.³⁷

Þegar hætt var að taka á móti vottorðum vegna fjarvista og mætingastjóri tók að gefa áminningar dró úr fjarvistum til að byrja með. Árið 2012 hallaði hins vegar undan fæti og fjarvistum fjölgaði. Að mati mætingastjóra hefur áminningum ekki verið fylgt eins vel eftir og áður og séu ýmsar ástæður fyrir því, m.a. sé það tekjuspursmál fyrir skólann að halda nemendum sem lengst. Að hans áliti er fjarvistaskráning af hálfu kennara almennt í góðu lagi. Nemendur geta fylgst með í Innu og gert athugasemdir ef þeir sjá ástæður til.

Í skýrslu mætingarráðs fyrir árið 2011 eru ýmsar áhugaverðar upplýsingar. Þar sést til dæmis að mætingar eldri nemenda eru nær helmingi lakari en nýnema og forföll vegna veikinda þeirra á meðal eru 50% tíðari. Þá eru mætingar drengja betri en stúlkna (Mynd 5).³⁸



Mynd 5: Viðvera pilta og stúlkna 2011.

Þá er nokkur munur á mætingum nemenda eftir því hvaða nám er stundað. Mestar eru fjarvistir meðal nemenda á framhaldsskólabraut (18%) en fast á hæla þeim fylgja nemendur grunndeildar málm- og bíliðna. Best standa sig nemendur í bíltæknigreinum með 10% fjarvistir. Vísað er til lotunámsins um skýringu á góðum mætingum þar. Verið er að huga að strúktúrbreytingum og til greina kemur að taka upp lotukerfi í öllum skólanum en það verður ekki gert fyrr en búið er að semja við kennara.

³⁷ Mætingastjóri. [Án árs].

³⁸ Anton Már Gylfason, Ágústa Elín Ingbórsdóttir og Hrönn Hilmarsdóttir. (2011), bls. 7.

4.2 Viðhorf nemenda til skólans

Í viðhorfsskönnun sem gerð var meðal nýnema í október 2011 kemur fram mjög jákvætt viðhorf til skólans. 94% þeirra er svörðuð (78% tóku þátt) eru ánægðir með skólann og 91% segja að þeim líði vel í skólanum. Nemendum finnst skólinn leggja áherslu á góðan námsárangur (82%) og þeir vilja standa sig vel (94%). Það er hins vegar umhugsunarvert að einungis 56% eldri nemenda (67% tóku þátt) hafa jákvætt viðhorf til skólans. 74% telja kennara vera sanngjarna og jákvæða og 87% eru jákvæð til starfsmanna ræstinga.³⁹

Ýmis önnur atriði í skýrslunni vekja eftirtekt. 25% nýnema og 18% eldri nema hafa nýlega hugleitt að hætta í skólanum, 35% nýnema og 43% eldri nema hafa áhyggjur af fjármálum og jafnt hlutfall nýnema og eldri nema, 30%, finna fyrir kvíða. Ekki kemur fram hvort það séu sömu nemendurnir sem hafa hugleitt að hætta í skólanum, hafa áhyggjur af fjármálum sínum og finna fyrir kvíða. Í umbótakafla er vísað til almenns ástands í samfélaginu um skýringar en jafnframt minnst á nokkrar nýjungar í skólastarfinu til þess meðal annars að draga úr kvíða. Meðal annars er nefndur sérstakur stuðningur við nemendur af erlendum uppruna, námskeið vegna próftöku, námskeið í námstækni, hópráðgjöf gegn kvíða og þunglyndi, námsáfangi fyrir félagslega einangraða og bætt umsjónarkerfi.⁴⁰

4.3 Nemendur með sérþarfir

Að mati skólameistara eru um 300 nemendur skólans með frávik af einhverju tagi. Hann telur að BHS sé líklega sá skóli á höfuðborgarsvæðinu sem sé með flesta slíka og það gefi skólanum aukna vidd. Fjölbreytt þjónusta við þá sem standa höllum fæti í námi sé fjöður í hatt skólans. Ýmis úrræði standi til boða. Þeir sem þurfa sérstakan stuðning í tungumálum og stærðfræði geta sótt sér hann í námsver. Þau eru þannig hugsuð að þangað geta nemendur leitað óski þeir stuðnings yfir heila önn við heimanám, verkefnavinna og prófundirbúning í nefndum fögum. Sviðsstjóri stuðningssviðs hefur umsjón með námsverunum.⁴¹ Það svið er samsett af félags- og forvarnarteymi ásamt tveimur námsráðgjöfum og dyslexíuráðgjafa. Sviðið fundar reglulega.

Heyrnarlausir og heyrnarskertir nemendur skólans njóta aðstoðar táknmálstúlka við nám sitt. Sú þjónusta er í samstarfi við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.⁴² Nemendum sem eiga við lestrarörðugleika að etja býðst t.d. áfanginn Nám102, ráðgjöf og stuðningur kennara og dyslexíuráðgjafa sem veitir þessum nemum persónulegan og faglegan stuðning. Hann hefur þyngstu nemendurna á sínum snærum og veitir kennurum ráðgjöf.

Nemendum sem þess þurfa gefst kostur á að sækja hljóðbækur af vef Blindrabókasafns Íslands og vista í tölvu. Greining sem staðfestir vanda í lestri tryggir aðgang að þeirri þjónustu. Nemendur sem hafa greiningarpappíra en eru ekki skráðir lánþegar Blindrabókasafnsins geta óskað eftir að dyslexíuráðgjafi Borgarholtsskóla sendi safninu slíka staðfestingu.⁴³

4.3.1 Sérnámsbraut

Nám á sérnámsbraut er einkum ætlað þeim sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla, verið í sérdeild eða sérskóla og fengið mat skv. 48. gr. laga um grunnskóla. Æskilegt er að þeir hafi náð nokkru valdi á frumatriðum í lestri og ritun og geti verið nokkuð sjálfbjarga í

³⁹ Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2011–2012. (2012), bls. 4–5.

⁴⁰ Sama heimild, bls. 4–6.

⁴¹ Námsver. [Án árs].

⁴² Táknmálstúlkar. [Án árs].

⁴³ Dyslexíuráðgjöf. [Án árs].

skólanum utan kennslustunda, s.s. farið á milli kennslustofa og í matsal. Markmiðið er að nemendur kynnist námi og starfi við hæfi, að þeir fái tækifæri til að auka við þekkingu og færni sem stuðlar að auknu sjálfstæði þeirra og auðveldar þeim að takast á við atvinnu og viðfangsefni daglegs lífs.

Á fyrsta og öðru ári er áhersla á að viðhalda og bæta við þá færni og þekkingu sem fyrir er en á þriðja og fjórða ári er áhersla á tengingu við atvinnulífið þar sem nemendur fara í starfskynningar og starfsþjálfun. Að miklu leyti er kennt í sérdeild en þar sem því er við komið fara nemendur í aðrar deildir í einstökum fögum. Dæmi eru um nemendur á sérnámsbraut sem hafa brautskráðst úr almennu námi. Kennslan er hópa- eða einstaklingsmiðuð og byggir annars vegar á námskrá og hins vegar á upplýsingum um þarfir nemenda og mati á stöðu þeirra í námi og þroska.⁴⁴

Á sérnámsbraut eru 24–30 nemendur og að meðaltali brautskrást 5–6 nemendur á ári. Nenum með hátt fötlunarstig hefur fjölgað en áhersla er lögð á að þeir nái tökum á lestri. Að öðru leyti er kennslan fjölpætt, s.s. í íþróttum, tónlist og tungumálum. Áhersla er lögð á að sérnámsbraut sé virkur hluti skólans og hún er staðsett í hjarta hans. Meðalnámstími er fjögur ár.

4.3.2 Framhaldsskólabraut

Framhaldsskólabraut er ætluð þeim sem ekki uppfylla inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir og þeim sem eru óákveðnir um námsval. Drög að námskrá hafa verið samin þar sem námið er sett í samhengi við grunnþætti menntunar eins og þeir birtast í aðalnámskrá. Markmiðið er að auka almenna þekkingu, leikni og hæfni nemandans og undirbúa hann undir virka þátttöku í samfélaginu og áframhaldandi nám.⁴⁵

Reynt er að laga námið að þörfum hvers og eins, notaðar eru fjölbreyttar náms- og matsaðferðir og námslok eru að mestu skilgreind á fyrsta hæfniprepi. Nemandi á því prepi hefur unnið að því að öðlast hæfni í að tjá hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi, öðlast skýra sjálfsmynd og gera sér grein fyrir hvernig hann getur nýtt sér sterkar og veikar hliðar sínar á skapandi hátt.⁴⁶

Sérstaða framhaldsskólabrautar er heils vetrar nám í bekkjarkerfi, tvær annir og fjórar tarnir. Þannig er náminu skipt niður í smærri námseiningar. Á fyrra námsári brautarinnar er áhersla lögð á að styrkja nemendur í greinum sem ráða inntöku á aðrar námsbrautir í skólanum. Þeir sem hafa hug á öðru námi utan hans eru aðstoðaðir.⁴⁷ Gert er ráð fyrir að eftir fyrra námsárið hefji stór hluti nemenda nám á öðrum námsbrautum. Öðrum gefst kostur á að halda áfram og útskrifast með framhaldsskólapróf að loknu seinna námsári. Á því ári er áhersla lögð á starfstengt nám og er unnið að því að þróa það í samstarfi við fyrirtæki í nágrenni skólans og koma á tengslum milli nemenda og atvinnulífs.⁴⁸

4.4 Nemendur af erlendum uppruna

Um 40 nemendur af erlendum uppruna eru í BHS. Ekki hefur verið stofnuð sérstök nýbúabraut þar sem mjög fáir nýbúar búa í grennd við skólann. Gengi nýbúa hefur heldur ekki verið kannað. Stundum hefur erlendum nemendum sem sótt hafa um inngöngu verið

⁴⁴ Sérnámsbraut. [Án árs].

⁴⁵ Framhaldsskólabraut. [Án árs].

⁴⁶ Borgarholtsskóli. (2012). Námskrá framhaldsskólabrautar Borgarholtsskóla: drög, bls. 10.

⁴⁷ Sama heimild, bls. 4.

⁴⁸ Nám í boði – námsbrautir. [Án árs].

bent á að fara í íslenskuáfanga fyrir útlendinga í Tækniskólanum áður en þeir hefja nám við BHS. Ráðgert er að hefja fljótlega kennslu í tveimur íslenskuáföngum fyrir útlendinga.⁴⁹

4.5 Nemendafélag

Nemendafélag Borgarholtsskóla starfar af krafti og er kosið árlega í stjórn og ýmsar nefndir. Kjör fer fram með þeim hætti að fráfarandi stjórn ákvarðar kjördag, auglýsir eftir framboðum og stýrir kjöri. Stjórnarmenn sem sækjast eftir endurkjöri koma þar ekki að. Ef ekki næst hreinn meirihluti í fyrstu umferð er kosið á milli tveggja efstu manna.

Nemendur eiga fulltrúa í skólanefnd og skólaráði og kys nemendafélagið þá úr stjórn í þessi hlutverk. Að sögn nemenda hafa þeir möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og þátttöku í stefnumótun á þessum vettvangi. Að auki sitja fulltrúar nemenda í forvarnarteymi skólans þar sem unnið er að ákveðnum hlutum með skólastjórnendum. Nemendur segja mikla samvinnu á þessum vettvangi.

Meginhlutverk nemendafélagsins er að gæta hagsmuna nemenda og skipuleggja félagslíf. Fá erindi sem varða hagsmunagæslu berast til félagsins, þó einhver á hverri önn. Að mati nemenda hefur tekist vel að leysa úr slíkum málum. Meginstarfsemi félagsins lýtur að félagsmálum og eftirfarandi nefndir eru starfandi innan félagsins: skemmtinefnd, margmiðlunarnefnd, listanefnd, vef- og markaðsnefnd, leikfélag, íþróttanefnd, listaráð, málfundafélag og nýnemaráð.⁵⁰

Nemendur geta valið um hvort þeir gerast félagar. Þegar skólagjöld eru innheimt greiða þeir félagsgjald en óski þeir eftir að standa utan félagsins fá þeir það endurgreitt. Að meðaltali eru um 60–80 nemendur á hverju ári sem kjósa það, oftast þeir eldri. Meginþorri 16–18 ára tekur þátt. Í verknámi er meðalaldur hærri en í bóknámi og er skólinn að nokkru skiptur að þessu leyti, verknámsnemar taka síður þátt í félagsstarfi innan skóla. Í máli stjórnarmanna nemendafélagsins kom fram að þeir hafa ákveðnar áhyggjur af þessu og leita leiða til að höfða betur til verknámsnemenda.

Með nemendafélaginu starfa þrír félags- og forvarnarfulltrúar sem allir eru í hlutastarfi. Þeir sitja fundi með stjórn nemendafélagsins, leiðbeina og aðstoða. Hlutverk félags- og forvarnarfulltrúa felst í að hafa áhrif á viðhorf og hegðun nemenda og hvetja þá til að velja heilbrigðan lífsstíl. Í starfi þeirra er áhersla lögð á viðtækar forvarnir.⁵¹

Að mati nemenda og forvarnarfulltrúa hefur tekist vel að halda vímuefnum frá samkomum nemendafélagsins. Ef upp kemur grunur um sölu fíkniefna innan skólans er ábendingum þar að lútandi strax komið til lögreglu. Nemendur telja sig ekki verða vara við fíkniefni innan skólans og segja að innan veggja hans sé mjög fínt andrúmsloft. Gott samband og persónulegt sé á milli kennara og nemenda og félagslíf fjölbreytt og skemmtilegt.

4.6 Mat úttektaraðila

- Borgarholtsskóli er fullsetinn nemendum og rúmlega það.
- Skólanum tekst vel að vinna með fjölbreyttan og verulega getuskiptan nemendahóp. Jákvæð viðhorf eru til nemenda sem standa höllum fæti í námi og skólinn kostar kapps um að veita sem fjölbætasta þjónustu.
- Mjög vel er fylgst með mætingum nemenda og skipulega er unnið gegn fjarvistum.

⁴⁹ Viðtal við námsráðgjafa og deildarstjóra sérnámsbrautar.

⁵⁰ *Nemendafélag Borgarholtsskóla*. (2012).

⁵¹ *Félags- og forvarnafulltrúar*. [Án árs].

- Greina þarf tölulegar upplýsingar í innra mati um líðan nemenda í skólanum og setja fram áætlun um aðgerðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf.
- Þróun sérnámsbrautar og framhaldsskólabrautar í BHS er athyglisverð og getur orðið fordæmisgefandi fyrir aðra framhaldsskóla. Drög hafa verið samin að námskrá þeirrar síðarnefndu á grundvelli nýrrar aðalnámskrár með tengingu í grunnþætti menntunar og lykilþætti að námi loknu.
- Kröftugt starf fer fram á vegum nemendafélagsins en efla mætti hlutverk þess í hagsmunagæslu gagnvart skólayfirvöldum.

5 Mannauður

Í Borgarholtsskóla eru samtals 133 starfsmenn, 68 konur og 65 karlar, í 109,5 stöðugildum (Tafla 7).

Tafla 7: Störf og fjöldi starfa m.t.t. kynja.⁵²

Starf:	Stöður	KK	KVK
Stjórnendur	4,00	2,00	2,00
Kennarar ⁵³	78,67	43,00	35,67
Leiðbeinendur	5,17	5,17	0,00
Námsráðgjafi	2,00	1,00	1,00
Bókasafnsfræðingur	2,00	0,00	2,00
Skrifstofa	3,75	1,00	2,75
Annað starfsfólk	13,81	5,25	8,56
Samtals	109,40	57,42	51,99

Á skólaárinu 2012–2013 eru níu kennarar fjarverandi vegna veikinda, launalausra leyfa, námsleyfa og fæðingarorlofs. Að sögn skólameistara hefur gengið vel að fá kennara í þeirra störf.

Kennarastöður eru að 94% setnar af menntuðum kennurum en leiðbeinendaráðningar nema um 6% af heildarfjölda stöðugilda við kennslu, 4,5 þeirra í iðngreinum (málm- og bílgreinum) og 0,75 í íþróttakennslu.

5.1.1 Forfallakennsla

Almennt eru tímabundin forföll kennara ekki mönnuð forfallakennurum og kennsla felld niður. Ef um lengri forföll er að ræða, alvarleg veikindi, barneignarleyfi eða slíkt er ráðinn forfallakennari í stað þess sem í leyfið fer. Á haustönn 2012 féllu tímar niður sem hér segir:

Tafla 8: Skammtímaforföll kennara á haustönn 2012.⁵⁴

Ástæður forfalla	kennslustundir
Veikindi	634
Veikindi barns	33
Leyfi	53
Námskeið/námsferð	83
Önnur forföll	85
Alls	888

Kennslustundir á önninni voru alls 43302. Hlutfall forfalla er því 2,05%.

5.1.2 Starfsmannavelta

Starfsmannavelta í Borgarholtsskóla hefur verið lítil á undanförunum árum. Að meðaltali hafa sjö kennarar látið af störfum á ári sökum aldurs, veikinda eða annarra persónulegra ástæðna og að sögn ræstingastjóra hefur jafnframt verið lítil hreyfing á starfsfólki í ræstingu við skólann undanfarin ár (Tafla 9).

⁵² Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). Bréf til úttektaraðila, dags. 27.2.

⁵³ Þar af sex kennslustjórar sem hafa kennsluskyldu.

⁵⁴ Sama heimild.

Tafla 9: Starfsmannavelta í Borgarholtsskóla 2008–2012.⁵⁵

	Aldur	Veikindi	Annað	Alls
2008	2	1	6	9
2009			5	5
2010			8	8
2011	1	1	5	7
2012	2		4	6

5.2 Starfsmannastefna

Borgarholtsskóli hefur mótaða starfsmannastefnu þar sem segir að forsenda góðs árangurs í skólastarfi sé fjölhæft, áhugasamt og traust starfsfólk. Stefnunni er ætlað að stuðla að góðum starfsanda og vera til hvatningar og upplýsingar fyrir allt starfsfólk skólans. Hún felur í sér sameiginlega sýn á þá þætti sem gera skólann að eftirsóknarverðum vinnustað þar sem gott starf er unnið af hæfu fólki í anda jafnræðis.

Markmið stefnunnar er að uppfylla væntingar sem eru gerðar til skólans og starfsmanna hans. Henni er ætlað að tryggja góð starfsskilyrði, vellíðan á vinnustað og möguleika til að þroskast í starfi. Stefnan grundvallast á lögum, reglum og aðalnámskrá framhaldsskóla.

Í stefnunni eru nokkrir kaflar sem segja til um viðfangsefni hennar. Þeir eru: Ráðningar; Móttaka og þjálfun nýliða; Gagnkvæmar væntingar; Starfsþróun; Endurgjöf; Jafnrétti; Upplýsingar og samskipti; Starfsskilyrði; Starfslok. Við lok stefnunnar eru skráðar tíu samskipta-reglur skólans.⁵⁶

5.3 Móttaka nýrra starfsmanna

Í starfsmannastefnu BHS segir að nýir starfsmenn njóti leiðsagnar og stuðnings. Síðan segir eftirfarandi um móttöku þeirra:

- Skólameistarar taka á móti nýjum starfsmönnum, afhenda þeim handbók starfsmanna og fara yfir hana.
- Skólinn og reglur hans eru kynntar nýjum starfsmönnum.
- Næsti yfirmaður er ábyrgur fyrir því að nýjum starfsmanni sé veitt fræðsla um það sem lýtur sérstaklega að starfssviði hans.⁵⁷

5.4 Endurmenntun

Litið er á starfsþróun sem virkan þátt í skólastarfinu. Starfsmenn eiga kost á símenntun innan sem utan skólans til að auka þekkingu sína og faglega hæfni er nýtist í starfi. Skólinn veitir starfsmönnum styrki til endurmenntunar í samræmi við reglur þar um.⁵⁸ Stefna skólans er að hlúa að endur- og símenntun starfsfólks með því að kosta námskeið beint eða að endurgreiða (að hluta eða að fullu) kostnað við námskeið sem viðkomandi hefur sótt að eigin frumkvæði. Um hið síðarnefnda fer eftir reglum og nánari ákvörðun úthlutunarnefndar. Hana skipa þrír starfsmenn skólans, þ.e. einn fulltrúi kennara, einn fulltrúi annarra starfsmanna og skólameistari. Styrkir eru til dæmis veittir vegna námskeiðsgjalda, ráðstefnugjalda og tengds

⁵⁵ Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). Bréf til úttektaraðila, dags. 27.2.

⁵⁶ *Starfsmannastefna*. (2013).

⁵⁷ Sama heimild.

⁵⁸ *Endurmenntunarsjóður BHS*. [2011].

ferðakostnaðar. Hámarksúthlutun er 60.000 kr. að frádregnum úthlutunum síðustu tveggja ára.⁵⁹

5.5 Umsjón

Nemendum sem stunda nám í dagskóla er skipaður umsjónarkennari. Hlutverk hans er meðal annars að leiðbeina nemanum við skipulag náms, veita honum upplýsingar um skólastarfið og þá þjónustu sem skólinn veitir. Áhersla er á umsjón nýnema sem birtist til dæmis í því að umsjón og lífsleiknikennsla er samþætt til að halda vel utan um þá er þeir stíga fyrstu skrefin í framhaldsskóla.⁶⁰

Umsjónarkennari gegnir stuðnings- og eftirlitshlutverki og er persónulegur tengiliður nemandans við skólann. Hlutverkið rækir hann fyrst og fremst með því að sýna nemanum og velferð hans áhuga og hvetja hann til dáða. Honum ber að fylgja eftir hagsmunamálum nemenda með því að vísa þeim til náms- og starfsráðgjafa eða annarra viðeigandi aðila hverju sinni.⁶¹

Að sögn nemenda fundar umsjónarkennari eldri nema með þeim þrisvar til fjórum sinnum á önn.

5.6 Siðareglur

Borgarholtsskóli hefur ekki sett sér sérstakar siðareglur. Skólinn hefur hins vegar gert siðareglur að sérstöku umfjöllunarefni meðal allra starfsmanna og skólameistari fékk Salvöru Nordal, sérfræðing við HÍ, í upphafi árs 2011 til að vinna með starfsfólki skólans við að greina siðareglur Kennarasambands Íslands. Þær reglur hafa verið hengdar upp á nokkrum stöðum í skólahúsnæðinu til kynningar og áminningar auk þess sem nýir starfsmenn fá ítarlega kynningu á þeim og helstu stefnumálum skólans.⁶²

Í starfsmannastefnu skólans eru almennar siðareglur þar sem brýnt er fyrir starfsmönnum að þeir leggi sig fram við að starfa í anda einkunnarorða skólans: *Agi – virðing – væntingar*. Þar er einnig rætt um liðsheild, jafnræði, hollustu, samkennd og gagnkvæmt traust. Auk þessa hafa verið settar samskiptareglur sem fyrr greinir. Þær hanga einnig uppi í skólanum og eru á heimasíðu hans. Þá voru að gefnu tilefni settar ákveðnar siðareglur um tölvupóstsamskipti.

Í lífsleikniáföngum, sem allir nemendur taka, er áhersla lögð á siðareglur og siðfræði. Þá er siðfræði kennd í nokkrum öðrum námsáföngum.

5.7 Mat úttektaraðila

- Menntaðir kennarar skipa langflestar kennarastöður í Borgarholtsskóla.
- Lítil starfsmannavelta á undanförunum árum bendir til ánægju starfsmanna með vinnustaðinn.
- Kennslufall vegna forfalla kennara er lítið.
- Tekið er á móti nýjum starfsmönnum með kerfisbundnum hætti.
- Skipulag nemendaumsjónar er í föstum skorðum og virðist fullnægjandi.
- Skólinn þarf að setja sér siðareglur.

⁵⁹ Sama heimild.

⁶⁰ *Nemendaumsjón*. [Án árs].

⁶¹ *Umsjónarkennarar*. [Án árs].

⁶² Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013).

6 Skólabragur

Í stefnuskrá Borgarholtsskóla er fjallað um skólabrag og mannauð. Þar segir að jákvæður skólabragur sé aðalsmerki skólans, ennfremur að samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu og samvinna, gleði og eftirvænting einkenni daglegt starf. Í stefnunni eru sett fram markmið og mælikvarðar um jákvæðan og heilbrigðan skólabrag. Þau vísa bæði til nemenda og starfsfólks og varða meðal annars virðingu fyrir manngildi og fjölbreytileika, metnað, skapandi starf, fagmennsku og starfsgleði, að samskiptahættir stuðli að jákvæðri sjálfsmynd, ábyrgð og félagslegri hæfni, að nemendur komi í auknum mæli að ákvarðanatöku um mál sem þá varða og sterk liðsheild sé sköpuð í skólanum.

Að mati aðstoðarskólameistara og áfangastjóra má líta á Borgarholtsskóla sem eina fjölskyldu með ólíka einstaklinga innanborðs og nokkurn menningarmun milli verknáms og bóknáms. Nokkur landfræðileg aðgreining er innan skólans milli bóknáms og verknáms. Hún er ekki alvarleg en ákveðinn rígur er á milli málm- og bílgreina svo og á milli þeirra og bóknámsins. Skipulag í bílgreinum er allt annað en annars staðar í skólanum sem fyrr er nefnt. Málmiðnaðurinn er með enn annað kerfi og bóknámið með hefðbundið áfangakerfi. Þessi kerfi ganga illa saman. Það skapar erfiðleika við að raða saman stundaskrá þegar verknámið þarf að sækja bóknámsgreinar. Þetta skapar ákveðna togstreitu. Í niðurstöðum innra mats 2012 svara 74% þátttakenda meðal starfsfólks að þeir vilji aukið samstarf milli ólíkra starfssviða skólans en einungis 5% voru því ósammála.⁶³

Að mati aðstoðarskólameistara og áfangastjóra jókst óánægja innan skóla í kjölfar hrunsins. Erfitt er að henda reiður á hvað veldur en af viðtölum má ráða að verknámskennurum finnist fjármagni ekki réttlátlega skipt. Þeir fá ekki það sem þeim ber. Á sama tíma heyrast raddir um að bóknámið sýni ekki skilning á kennslufyrirkomulagi í verknáminu og nemendum sem ekki standa sig í bóknámi sé sé bent á aðrar námsleiðir. Ekki sé síður þörf á „góðum nemendum“ í verknámi en bóknámi.

Sú togstreita sem virðist vera milli kennarahópa skólans kemur ekki fram í stéttskiptingu innan starfsmannahópsins. Matráður og ræstingastjóri segja skólann sinn besta vinnustað og þeir hlakki til á hverjum morgni að mæta í vinnuna. Lítið sé þó um að starfsfólkið skemmti sér sameiginlega. Jólalahaðborð séu samt föst hefð og starfsfólk fer saman í vorferðir og haustferðir. Að mati þessara aðila er meginstyrkleiki skólans mannleg samskipti. Báðir segjast lítið verða varir við einelti og almennt fáir þeir ekki annað en gott viðmót frá nemendum. Hið sama staðfestist í samtölum við nemendur sem segjast ekki verða varir við einelti. Aðeins beri þó á fordómum á milli nemendahópa eða manngerða (týpa).

Undir þetta tekur aðstoðarskólameistari sem nefnir ýmislegt sem gert sé til þess að efla samstarfsanda í starfsmannahópnum. Hann segir ýmsar góðar hugmyndir hafa komið fram á starfsdögum, meðal annars um rýmri opnun skólans og aukna möguleika til endurmenntunar. Í kjölfar þess hafi verið sett upp rafrænt opnunarkerfi sem merkir að starfsmenn geta gengið um húsin kl. 7:00–22:30 alla daga. Sömuleiðis hafi verið settur á stofn endurmenntunarsjóður sem kennarar sótt um styrk í til endurmenntunar. Vorið 2011 hafi heilum starfsdegi verið varið í að efla félagsandann og bæta samskipti; unnið í hópum og farið í ferðalag. Hann nefnir einnig skólaheimsóknir til útlanda. Í vor (2013) fari um 70 starfsmenn í endurmenntunarferð til Berlínar. Vorið 2010 hafi verið farið til Toronto og nokkrum árum áður til Dublinar og Barcelona.⁶⁴

Rýnihópar nemenda voru samdóma um góða líðan sína í skólanum og margir segja hann hafa farið fram úr væntingum við upphaf náms. Andrúmsloftið sé fordómalaust og yndislegt

⁶³ Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2011–2012. (2012), bls. 7.

⁶⁴ Ingi Bogi Bogason. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 7.3.

að flestra mati. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og viðurkennt er að þeir eru ólíkir. Þessir nemendur segja nemendur almennt ánægðar með viðmót kennara í sinn garð.

Í innra mati skólans 2012 var leitað eftir afstöðu starfsfólks til þátta er varða líðan og samstarf. Þar kemur fram að 77% starfsmanna svara því til að þeim líði vel í vinnunni en 10% segja svo ekki vera. 70% segjast reyna að efla félagsandann innan skólans en 3% eru meðvitaðir um að gera það ekki. 53% starfsmanna finnst hann fá hvatningu og hrós frá samstarfsmönnum sínum en fjórðungi finnst það ekki. 25% segja að þeim finnst þeir fá hvatningu til að auka við þekkingu sína en 43% segjast ekki finna fyrir því. 28% starfsmanna verða varir við einelti meðal starfsmanna. 22% starfsmanna eru sammála því að skólinn leitist við að leysa eineltismál sem upp koma en 26% eru ósammála því. Í spurningalista var spurt hvort starfsmenn hefðu orðir varir við einelti en ekki var spurt hvort þeir hefðu sjálfir orðið fyrir slíku. Sú nálgun kann að skekkja myndina eitthvað.


Meðal starfsfólks heyrast ákveðnar raddir um að ekki sé tekið nægilega skarpt á eineltis- og ágreiningsmálum meðal starfsmanna af hálfu skólameistara. Í samtali við skólameistara lagði hann áherslu á að mál af þessu tagi eru ávallt persónuleg viðfangsefni sem stjórnendur þurfa að glíma við og geta ekki fjallað um í hópi starfsmanna. Um meðferð margra slíkra mála gilda ákveðnar verklagsreglur, sumar bundnar í lögum og reglugerðum. Skólameistari lýsti því hvernig staðið hefur verið að úrlausn viðfangsefna af þessu tagi og þau leidd til lykta.

6.1 Mat úttektaraðila

- Borgarholtsskóli er stór og fjölbreyttur vinnustaður þar sem mikilvægt er að stöðugt sé unnið að eflingu félagslegra heilda nemenda og starfsmanna.
- Mismunandi skipulag á námi og námsmati tálmar á marga lund samstarfi á milli verknáms- og bóknámsgreina.
- Allur þorri starfsmanna vill auka samstarf á milli ólíkra starfssviða innan skóla.
- Talsvert er gert til að efla félagsanda meðal starfsfólks skólans en efla þarf umræðu meðal kennara um skólabrag og faglega ábyrgð þeirra við mótun hans.
- Skerpa þarf spurningar sem meta skólabrag (einkum samskipti og líðan) í innra mati með það að markmiði að komast að rótum þeirra ágreiningsmála sem eru til staðar í starfsmannahópnum.
- Skólameistari er meðvitaður um árekstra milli starfsmanna. Hann tekur á eineltis- og ágreiningsmálum meðal þeirra af vandvirkni og festu en lætur þau ekki liggja í þagnargildi.

7 Stjórnun og rekstur

Skólameistari ber ábyrgð á starfsemi skólans og starfar skv. 3. gr. reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla. Aðstoðarskólameistari er staðgengill hans. Áfangastjórar hafa umsjón með áfangakerfi skólans. Auk yfirstjórnenda eru sex kennslustjórar hluti af stjórnkerfi stofnunarinnar. Þeir eru tengiliðir skólameistara við einstakar námsbrautir eða flokka námsbrauta. Dreifnámsstjóri var skipaður vorið 2008 og hefur hann umsjón með dreifnámi og Námsþingi (Moodle).⁶⁵ Í heild er stjórnunarkvóti skólans lítilllega yfir viðmiðunarmörkum, 16,6 % af heildarútgjöldum.⁶⁶ Á heimasíðu er skipurit skólans dregið upp með eftirfarandi hætti (Mynd 6) en því fylgja engar skýringar.⁶⁷



Mynd 6: Skipurit Borgarholtsskóla.

Stjórnendafundir eru haldnir vikulega með kennslustjórum. Þeir fundir veita stjórnendum heildarsýn. Skólameistari leggur fram upplýsingar um mál sem taka þarf afstöðu til. Að mati kennslustjóra þyrfti oftast að þrengja fundina að ákveðnum viðfangsefnum og gera umræðu markvissari. Kennslustjórar telja einnig að stjórnendur og starfsmenn úr stöðþjónustu mættu, a.m.k. stundum, hafa aðkomu að þessum fundum, einkum forstöðumaður bókasafns og námsráðgjafi. Stefnumarkandi umræða fer fram á fundunum en þeir eru ekki endilega ákvörðunarbærir.

Í viðtali við nemendur kváðust þeir ekki þekkja vel til stjórnkerfis skólans eða skipurits. Lítið væri rætt um það við þá og virtust nemendur gera sér litla rellu út af því. Þeir leita til skrifstofunnar og fá þar leiðbeiningar um hvert beri að snúa sér með spurningar sem þeir kunna að hafa.

Starfslýsingar hafa verið gerðar fyrir einstök störf innan skólans og eru þær geymdar í rekstrarhandbók sem unnin er í samræmi við ISO9001 staðalinn þótt hann hafi ekki verið tekinn formlega upp í gæðakerfi skólans. Aðstoðarskólameistari ákvarðar launaröðun kennara

⁶⁵ Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). *Borgarholtsskóli: ársskýrsla 2012*, bls. 2.

⁶⁶ Ingi Bogi Bogason. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 7.3.

⁶⁷ *Skipurit*. [Án árs].

í samræmi við kjarasamning og starfar að ýmsum málum með fjármálastjóra. Í starfi hans felast jafnframt fjölbreytileg samskipti við kennara, nemendur og foreldra.

Áfangastjórar eru tveir í einu og hálfu stöðugildi. Þeir hafa engin mannaforráð en meginviðfangsefni þeirra lúta að skóladagatali, stundaskrárgerð, innritun nemenda, mati á fyrra námi, gerð prófa- og yfirsetutöflu. Þá hafa áfangastjórar með höndum brautskráningu nemenda.

Kennslustjórar eru hluti stjórnendateymis skólans. Þeir hafa mannaforráð yfir kennurum hver á sínu sviði og funda reglulega með þeim. Hvert svið virkar svolítið eins og skóli innan skólans. Verkefnisstjóri dreifnáms og námsþings hefur ekki mannaforráð enda starfar hann með kennurum á mismunandi kennslusviðum. Daglegur rekstur sviðs er á ábyrgð kennslustjóra og taka þeir þátt í áætlunargerð fyrir það. Þá eiga þeir í samskiptum við nemendur um ýmis mál. Kennslustjórar eiga í mismiklum samskiptum við foreldra og kennara en að þeirra sögn er sá þáttur oft tímafrekur. Þá eru kennslustjórar verknáms í miklu samstarfi við starfsgreinaráð og atvinnulíf, t.d. við Bílgreinasambandið og bílaumboð. Sumir kennarar kenna á mörgum sviðum og þurfa því að sækja fundi á fleiri en einu sviði. Þeir hafa kvartað undan þessu og að einhverju marki geta þeir valið hverju þeir vilja heyra til.

Verkefnisstjórn dreifnáms er 25% starf og verkefnisstjórn námsþings er sömuleiðis 25% starf. Einn maður sinnir báðum verkefnum og annast flest er varðar dreifnám og námsþing. Dreifnámsstjóri er í miklu samstarfi við áfangastjóra, kennslustjóra dreifnáms og kerfnisstjóra. Hann fylgist með að unnið sé eftir stöðlum sem settir hafa verið í náminu.

Til að samræma áherslur í faggreinum eiga kennarar með sér sameiginlega fagfundi. Fagstjórar stýra þeim fundum en hlutverk þeirra er óljóst skilgreint af hálfu skóla, byggist að miklu leyti á hefð sem getur verið ólík milli faggreina. Fagstjórar verða að hafa leyfisbréf til kennslu en þeirra er ekki getið í skipuriti skólans. Þeir eru ýmist skilgreindir sem stjórnendur á tilgreindu greinasviði ellegar að litið er á þá sem oddvita þess, þ.e.a.s. þeir boða til funda og stýra fundum. Í síðustu kjarasamningum hækkuðu laun kennara og fagstjórn og umsjón fóru inn í þau. Fagstjóri kallar saman fund og sér til þess að menn fundi um málefni fagsins en allir eiga að vera jafnréttsháir að öðru leyti. Því eru fagstjórar ekki í stjórnkerfi skólans. Þeir eru kennslustjóra til halds og trausts, aðstoða við að skipta niður kennslu og eru tengiliðir milli kennara og stjórnenda. Sumir fagstjóranna eru í samstarfi við fleiri en einn kennslustjóra. Hlutverkið gengur á milli manna og er fagstjóri gjarnan kosinn til tveggja ára í senn en dæmi eru um að fagstjóri hafi setið í fjögur ár. Misjafnt er hversu oft fagstjórar funda með kennurum en algengt að þeir hittist á hálfsmánaðar fresti.

Við Borgarholtsskóla starfar mætingastjóri. Um hann og hlutverk hans er áður fjallað í kafla 4.1.1.

7.1 Skólastjórn

Í innra mati voru kennarar beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga er varða skólastjórn BHS. Alvarlegar ábendingar koma fram í könnuninni um að stjórnendur þurfi að rýna í eigin störf og starfshætti. 33% starfsmanna eru ekki ánægð með stjórnun skólans en 38% ánægð. 49% segja að verkaskipting milli stjórnenda sé skýr en 17% segja svo ekki vera. 35% starfsmanna telja að skólastjórnendur leysi vandamál innan hóflegs tíma en 34% eru öndverðrar skoðunar. 40% starfsmanna segja að stjórnendur sýni áhuga á því sem starfsmenn gera en jafnhátt hlutfall er gagnstæðrar skoðunar. Þá segja 46% starfsmanna að stjórnendur gefi þeim tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir og stefnu skólans en 28% finnst þeir ekki hafa áhrif.

Í umfjöllun um þessar niðurstöður segir að útkoman sé á marga lund jákvæðari en árið áður og vísað er með almennum orðum til áhrifa mikils niðurskurðar innan skólans og þjóðfélagsástandsins almennt eftir hrun. Engin sérstök viðbrögð við niðurstöðunum eru kynnt

í skýrslunni⁶⁸ en ráðning gæðastjóra er hluti af viðbrögðum við þessum niðurstöðum. Starfsmannasamtöl fóru einnig fram í kjölfarið. Mannauðsráðgjafi kom og var með starfsmönnum heilan dag til að efla liðsheild.

Í samtölum við nemendur lýstu nemendur almennt ánægju sinni með samskipti við stjórnendur. Þeir segjast eiga mest samskipti við kennslustjóra eða fagstjóra en mun minni við aðstoðarskólameistara og skólameistara. Skólameistari gefur út *Boðbera* í hverri viku og heldur starfsmönnum upplýstum um flesta hluti er varðar skólann.

7.1.1 Skólanefnd

Skólanefnd er skipuð samkvæmt lögum og að sögn formanns nefndarinnar fundar hún að jafnaði þrisvar sinnum á hverri önn. Skólameistari semur dagskrá en einstakir skólanefndarmenn geta gert og gera tillögur að einstökum dagskrárliðum. Meginviðfangsefni skólanefndar síðastliðin eitt til tvö ár hafa lotið að kynningu á skólastarfi BHS, kynningu á námsbrautum eða verkefnum sem stuðla að nýbreytni og þróun skólastarfs. Á hverjum fundi er greint frá stöðu fjárhagsáætlunar, sagt frá samstarfi skólans við stofnanir er tengjast málm- og bíliðnaðarbrautum og sagðar fréttir af viðburðum nemendafélagsins.

Skólanefnd gefur eingöngu umsögn um stefnumótun skólans en kemur ekki að henni að öðru leyti. Þó kom nefndin að stefnumótun „kjarnaskóla“ á þeim árum sem þeir voru að mótast og þróast. BHS hefur fengið marga og myndarlega styrki til að uppfæra og breyta skólanámskrá vegna nýrrar aðalnámskrár, sjá kafla 3.4. Þau verkefni hafa að sögn formanns undantekningarlaust verið kynnt skólanefnd. Að hans mati er þar góð vinna á ferð. Hann telur að skólanefnd hafi fengið góð tækifæri til að fylgjast með gerð og framkvæmd skólanámskrár.

Skólanefnd kemur að gerð skólasamnings og formaður hefur í nokkur skipti verið kallaður til að fylgja honum eftir við ráðuneytið. Að hans mati hefur tekist mjög vel að uppfylla samninginn, einkum eftir að mótunarárum skólans lauk.

Upplýsingar um skólanefnd eru á heimasíðu skólans og fundargerðir hennar eru aðgengilegar á skrifstofu skólans og innri vef en ekki birtar opinberlega á heimasíðu hans.⁶⁹

7.1.2 Skólaráð

Skólaráð BHS er skólameistara til samráðs og aðstoðar samkvæmt fyrirmælum laga. Skólameistari er oddviti ráðsins en auk hans situr þar aðstoðarskólameistari, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi nemenda og einn fulltrúi foreldraráðs.

Að mati skólameistara er skólaráð gagnlegur vettvangur til að leggja fyrir áleitni viðfangsefni sem varða skólann og nemendur. Þar heyra stjórnendur t.d. sjónarmið foreldra og nemenda. Brýnt er fyrir nemendum að biðja um skólaráðsfund ef þeir vilja koma á breytingum eða ræða ýmis brýn málefni.

Skólaráðsfundir eru haldnir eftir þörfum og það hefur verið misjafnt milli ára hversu oft þeir hafa verið. Efni fundanna breytilegt en sem dæmi má nefna mótuneytismál, skólagjöld, breytingar á námsfyrirkomulagi í kjölfar innleiðingar nýrra laga, mætingarreglur og félagsmál nemenda. Framundan eru miklar breytingar í kjölfar innleiðingar nýrrar aðalnámskrár og brýnt að fá fram viðhorf fulltrúa skólaráðs.

Upplýsingar um skólaráð eru á heimasíðu skólans og fundargerðir þess eru aðgengilegar á skrifstofu skólans og innri vef en ekki birtar opinberlega.⁷⁰

⁶⁸ Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2011–2012. (2012), bls. 7–8.

⁶⁹ Stjórn. [Án árs].

⁷⁰ Sama heimild.

7.2 Rekstur skólans

Í BHS starfa tveir fjármálafulltrúar og er ákveðin verkaskipting á milli þeirra. Þeir annast gerð heildarfjárhagsáætlunar skólans með skólameistara. Eins vinna þeir að fjárhagsáætlun einstakra brauta með viðkomandi kennslustjórum. Kennslustjórar hafa það hlutverk að reka sín svið innan þess fjárhagsramma sem ákveðinn hefur verið hverju sinni.

Í ársskýrslu skólameistara 2012 kemur fram að það ár hafi fjárheimildir skólans að frádregnum tekjum verið 973 m.kr. en gjöld 968 m.kr. Reksturinn var því jákvæður um 5 m.kr. Skólinn átti jafnframt 19 m.kr. í uppsafnaðar fjárheimildir en þessi staða kemur sér vel á sama tíma og krafa er um 1% niðurskurð árið 2013.⁷¹ Fjármálakreppan hefur eðlilega komið við rekstur skólans og hefur bitið hvað harðast í aðföngum fyrir verknámssgreinar. Allar dýrari framkvæmdir eða innkaup voru stöðvuð, s.s. tækjakaup, og þá voru námshópar stækkaðir. Fyrir sl. áramót þegar ljóst var að rekstur skólans yrði jákvæður voru settir fjármunir í endurnýjun tækja og hafa námshópar farið heldur minnkandi aftur.

Eins og fram hefur komið jókst óánægja starfsmanna með ýmsa þætti í kjölfar hrunsins. Tölurnar hér að framan sýna hins vegar að þétt hefur verið haldið um fjármuni sem hefur samt ekki komið í veg fyrir það að meðallaun kennara í Borgarholtsskóla hafa verið og eru með því hæsta sem gerist í framhaldsskólum.

7.3 Mat úttektaraðila

- Skipurit Borgarholtsskóla er skýrt og lýsandi um verkferla og ábyrgð en í það vantar upplýsingar um gæðastjóra og innra matskerfi.
- Aðkoma starfsmanna í stoðþjónustu að umræðu og ákvarðanatöku er óskýr.
- Starfslýsingar eru skýrar og skipulega eru haldið um þær í rekstrarhandbók.
- Sjálfstæði kennslusviðanna leiðir til eflingar innan þeirra en getur verkað hamlandi á samstarf milli þeirra.
- Hlutverk fagstjóra er óljóst.
- Skýrar vísbendingar eru um bresti í samskiptum starfsmanna við skólastjórnendur.
- Útgáfa *Boðbera* er gott dæmi um skipulega og markvissa upplýsingamiðlun innan skóla.
- Skólanefnd og skólaráð starfa í samræmi við lög og fundargerðir þeirra eru birtar með skipulegum hætti.
- Rekstur Borgarholtsskóla er í góðu jafnvægi.

⁷¹ Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). *Borgarholtsskóli: ársskýrsla 2012*, bls. 7.

8 Innra mat

Innra mat hefur verið gert í Borgarholtsskóla í rúman áratug. Yfirumsjón matsins er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og verkefnisstjóra innra mats. Þeir gera áætlanir um viðhald sjálfsmats skólans, samþykkja gögn og verkefni, bera ábyrgð á úrvinnslu og skýrslugerð. Þeir sjá sömuleiðis um að umbætur komi til framkvæmda. Starfandi er rýnihópur varðandi framkvæmd einstakra þátta matsins, s.s. við úrvinnslu og efni í skýrslu, og gerir tillögur um umbótaáætlanir. Í rýnihópnum eru: skólameistari/aðstoðarskólameistari/ áfangastjórar, verkefnisstjóri innra mats, einn kennslustjóri og einn kennari.⁷² Ekki hefur verið rætt um að nemendur eigi fulltrúa í þessum hópi. Verkefnisstjóri matsins telur slíkt þó vel koma til greina. Sjálfsmatsskýrslur frá skólaárinu 2002–2003 liggja á vef skólans.

Framkvæmd sjálfsmats hefur byggst á rafrænum viðhorfskönnunum sem lagðar eru fyrir nemendur og kennara. Spurt hefur verið reglubundið um sömu þætti svo hægt sé að bera saman og sjá þróun. Á þessu ári rennur út gildandi verkáætlun um sjálfsmat 2010–2013 og liggur hún á heimasíðu skólans (Tafla 10).

Tafla 10: Áætlun um sjálfsmat skólaárið 2012–2013.⁷³

Mánuður	Verkefni	Nánar
Ágúst	Skýrslugerð	
September	Skýrslugerð síðasta árs	
Október	Viðhorfskönnun yngri og eldri nemenda	
Nóvember	Áfangakönnun, úrtak námshópa – Starfsþróunarsamtöl	Allir áfangar eru skoðaðir á mats-tímabilinu
Desember		
Janúar	Lokið við matsáætlun fyrir næsta tímabil	
Febrúar	Starfsmannakönnun	
Mars	Áfangakönnun, úrtak námshópa. Mat kennara á áföngum	Allir áfangar eru skoðaðir á mats-tímabilinu
Apríl	Mat á kennsluaðferðir	
Mái	SVÓT greining eða annað greiningartæki. Gögn flokkuð og tekin saman v/ skýrslu	„Viðfangsefni liðandi stundar“

Matinu er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins á tímabilinu sem áætlunin tekur til og er skólanámskrá lögð til grundvallar. Niðurstöður eru kynntar starfsmönnum skólans og fengnar stjórnendum í hendur. Almennt er gert ráð fyrir að niðurstöður verði jafnharðan leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskipti og samstarf starfsmanna, nemenda og annarra sem skólastarfseminna varðar.⁷⁴ Umræður á kennarafundum um niðurstöður viðhorfskannana hafa gjarnan orðið mjög góðar að mati stjórnenda og margir lagt gott til. Niðurstöður sjálfsmats eru ekki kynntar nemendum sérstaklega en úrbætur sem af þeim leiða og varða þá eru þeim vel kynntar að sögn skólameistara. Í kafla 4.2 er greint frá ýmsum niðurstöðum úr viðhorfskönnun meðal nemenda á haustönn 2011.

8.1 Gæðaráð

Að sögn skólameistara og gæðaráðs hefur að undanfögnu verið unnið að því að byggja upp staðlað gæðakerfi innan BHS á grundvelli ISO 9001. Ákvörðun um upptöku þess hefur legið fyrir frá árinu 2005 en þá fengu starfsmenn skólans kynningu á gæðakerfi frá Fjöltækniskólanum sem hafði unnið að innleiðingu gæðakerfis fyrir vélstjórnarnám. Að sögn tafði kreppan fyrir því að innleiðing kerfisins hæfist í BHS. Styrkur frá mennta- og

⁷² Pedersen, Jette Dige. [Án árs], bls. 3.

⁷³ Sama heimild, bls. 8.

⁷⁴ Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2011–2012. (2012), bls. 3.

menningarmálaráðuneytinu kom þó hreyfingu aftur á málið og árið 2011 var sett á stofn gæðaráð innan skólans. Það er skipað sex einstaklingum úr hópi stjórnenda og kennara en enginn nemandi kemur að málum. Verkefnastjóri gæðamála hefur ekki verið ráðinn en gæðaráðið hittist á hálfsmánaðarfresti. Það vinnur að ritun gæðaviðmiða og er leitað eftir athugasemdum frá starfsfólki jöfnum höndum. Flestir hafa brugðist vel við og margir tekið skjölin til viðmiðunar. Óvíst er að leitað verði vottunar fyrir gæðakerfið í bráð því á slíku er ekki knýjandi ytri þörf þótt hún kunni að skapast síðar og þá fyrst í mál- og bílgreinum.

Staða gæðaráðs er óljós í stjórnkerfi skólans. Það hefur ekki verið teiknað inn á skipurit hans enda er litið á það sem þróunarhóp. Gæðaráð er hins vegar ákvörðunaraðili og um ákvarðanir þess er upplýst á starfsmannafundum.

Engin formleg tengsl eru á milli gæðaráðs og rýnihóps sjálfsmats. Skólastjórnendur eru þó í báðum hópum og tengslin til á þann hátt. Rætt hefur verið um að þessir tveir hópar muni renna saman í framtíðinni í eitt gæðaráð og í haust verður innra matið hluti af gæðakerfi skólans. Verkefnisstjóri gæðamála hefur þegar verið ráðinn.

8.2 Mat úttektaraðila

- Sjálfsmatskerfi skólans og sjálfsmatsáætlanir eru í góðu horfi. Ákveðnir þættir í skólastarfinu eru kannaðir reglubundið og samanburður á milli ára er auðveldur.
- Sjálfsmatsskýrslur eru vel kynntar á heimasíðu skólans.
- Skarpari tengingar skortir milli stefnuyfirlýsingar skólans, markmiða skólanámskrár og innra mats.
- Nemendur hafa litla aðkomu að innra mati.
- Niðurstöður úr innra mati eru nýttar til umbóta sem eru kynntar nemendum og starfsfólki þegar þær koma til framkvæmda.
- Skerpa þarf á stöðu gæðaráðs og sameina starf þess og rýnihóps sjálfsmats. Ígrunda skal að bjóða fulltrúa nemendafélagsins aðild að ráðinu.

9 Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Við Borgarholtsskóla starfar foreldraráð samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Það hefur sett sér lög þar sem segir að tilgangur og markmið félagsins sé að:

- a) Stuðla að aukinni þekkingu foreldra/forráðamanna á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- b) Auka sýnileika og nánd foreldra/forráðamanna sem veiti yfirvöldum, skólastjórnendum, kennurum og nemendum stuðning í skólastarfinu.
- c) Vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna.
- d) Treysta samstarf foreldra/forráðamanna, starfsfólks skólans og nemendafélags.
- e) Hvetja til aukins stuðnings og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- f) Vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.
- g) Standa vörð um réttindi nemenda til menntunar og farsæls þroska.⁷⁵

Ágæt mæting hefur verið meðal foreldra á nýnema fund sem skólinn heldur á hverju hausti. Á honum gengur listi þar sem þess er óskað að þeir skrái sig sem eru reiðubúnir til að starfa í foreldraráði. Síðan er boðað til aðalfundar þar sem kjósa á stjórn. Stjórn skipa sex foreldrar/forráðamenn nemenda, sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Lítið hefur reynt á kosningar sökum dræmrar aðsóknar á aðalfundi og reyndin hefur að sögn starfsmanns foreldraráðs (einn af kennurum skólans) oftast en ekki orðið sú að verkum hefur verið skipt á milli þeirra sem lýst hafa sig reiðubúna til starfa. Foreldraráð fundar reglulega einu sinni í mánuði og eru fundir boðaðir með dagskrá. Reynt er að tryggja samfellu í málefnum á milli funda. Ársskýrslur, fundargerðir og lög foreldraráðs eru á heimasíðu skólans.⁷⁶

Formaður foreldraráðs er fulltrúi foreldra í skólanefnd. Hann er tengiliður milli nefndarinnar og ráðsins. Stjórn foreldraráðs sinnir ekki ágreiningi eða hefur afskipti af vandamálum er upp koma milli einstakra nemenda, foreldra þeirra og starfsmanna skólans.

Þótt ekki sé getið um í lögum foreldraráðs einskorðast hlutverk þess við málefni nemenda undir átján ára aldri. Mikil umræða fer þar fram um félagslíf nemenda, mótuneytimál, samgöngur og annað það sem á brennur hverju sinni. Skólanámskrá BHS hefur ekki komið til umfjöllunar í ráðinu en hins vegar var það beðið um umsögn um stefnuskrá skólans. Að mati fulltrúa foreldraráðs er upplýsingagjöf frá BHS góð.

9.1 Tengsl við stofnanir og félagasamtök

Fulltrúar skólans eiga setu í starfsgreinaráðum bílgreina, upplýsinga- og fjölmiðlagreina, viðskiptagreina og heilbrigðis-, uppeldis- og tómstundagreina og eiga í miklum samskiptum við þá aðila. Starfræktar eru ráðgjafanefndir samkvæmt 30. grein laga um framhaldsskóla, önnur að ósk Félags blikksmiðjueigenda og hin er ráðgjafanefnd í bíliðngreinum. Samningur hefur verið gerður við Metanfélagið hf. um að hefja kennslu í meðferð metanknúinna bifreiða. Einnig á skólinn í samstarfi við fyrirtæki í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum sem og stofnanir og fyrirtæki á sviði félagsþjónustu og verslunar. Þá annast skólinn kennslu í Stóriðjuskólanum sem rekinn er af Álverinu í Straumsvík. Einnig er boðið er upp á kennslu í málmiðngreinum fyrir grunnskólanema.⁷⁷

⁷⁵ Lög Foreldraráðs BHS. [Án árs].

⁷⁶ Foreldraráð. [Án árs].

⁷⁷ Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). *Borgarholtsskóli: ársskýrsla 2012*, bls. 2.

9.2 Erlend samskipti

Skólinn tók mikinn þátt í erlendu samstarfi á árinu 2012 og fékk marga gesti í tengslum við það. Verkefnið eru af ýmsum toga og voru styrkt af Leonardo og Comenius. Samstarfsaðilar voru víða að, s.s. frá Finnlandi, Eistlandi, Hollandi, Spáni, Englandi, Ítalíu og Þýskalandi. Þá er skólinn í samstarfi við Evrópumíðstöðina í sérkennslu og er tengiliður landsins við þá stofnun.⁷⁸

9.3 Mat úttektaraðila

- Starfsemi foreldraráðs er öflug þrátt fyrir lítinn vilja foreldra til þátttöku á vettvangi þess.
- Skólinn má gjarnan vísa fleiri málefnum til umræðna og eftir atvikum álitsgjafar innan foreldraráðs.
- Með því að gera kennara að starfsmanni með foreldraráði sýnir skólinn góðan vilja til að halda úti öflugum starfi foreldraráðs. Það getur aftur á móti skapað hættu á að sjálfstæði ráðsins skerðist gagnvart skólastjórn.
- Skólinn á góð samskipti við marga aðila í atvinnulífinu og nýtur á ýmsan hátt góðs af því.
- Almenn ánægja virðist með skólann í nærsamfélaginu.
- Borgarholtsskóli er virkur þátttakandi í erlendu samstarfi af ýmsu tagi.

⁷⁸ Sama heimild, bls. 5.

10 Niðurstöður

Borgarholtsskóli er einn fjölmennasti framhaldsskóli landsins að teknu tilliti til fjölda nemenda í dagskóla.⁷⁹ Hann er áfangaskóli með fjölbreytt bók- og verknám. Stúdentsprófsbrautir eru fjölmennastar með liðlega 46% nemendafjöldans en bíl- og málmgreinar eru með 31%. Aldursmunur yngstu og elstu nemendanna spannar liðlega fjörutíu ár. Kynjaskipting er býsna jöfn en aðsókn að einstökum námsbrautum er ólík eftir kynjum.

Skólinn mætir þörfum breiðs nemendahóps. Hann býður bóknám til stúdentsprófs, verknám á sviði málm- og bíliðngreina, listnám, starfsnám á sviði upplýsingatækni, félags-, uppeldis-, tómstunda- og verslunargreina, nám til framhaldsskólaprófs, nám fyrir afreksfólk í íþróttum og námsbraut fyrir fatlaða nemendur. Almenn ánægja virðist með skólann í nærsamfélaginu þótt viðhorfin jafni hann ekki við elstu framhaldsskóla borgarinnar.

Skólinn er fullsetinn miðað við það húsnæði sem hann hefur. Vinnurými nemenda virðist almennt vel lukkað þótt farið sé að bera á þrengslum. Verknámshús eru rúm og umgengni um þau virðist góð. Vinnuaðstaða kennara er hins vegar þröng og illa loftræst. Mikilvægt er að finna lausn á þeim vanda. Bókasafn býr við góða aðstöðu og það er vel nýtt. Umhirða skólans er með ágætum en ræstingafólk kvartar undan slæmri umgengni. Ástæða er til að efna til sameiginlegs átaks meðal nemenda og alls starfsfólks til að bæta úr. Virkja má einstaka námshópa eða námsbrautir í því sambandi og efna til umræðu um gildi góðrar umgengni. Mikilvægt er að kennarar sýni gott fordæmi.

Í skólanum er unnið markvisst að því að draga úr brotthvarfi nemenda og hefur nokkuð áunnist í þeim efnum með starfi mætingaráðs og mætingastjóra. Mætingastjóri birtir árlega skýrslur um mætingar sem efalaust eru hvatning til aðila um að gera betur. Viðhorf nýnema er almennt jákvætt í garð skólans, þeir segjast ánægðir með hann og að þeim líði vel. Þeim finnst skólinn leggja áherslu á góðan námsárangur og þeir vilja standa sig vel. Hjá eldri nemendum er afstaða til þessara þátta neikvæðari. Þótt mikill meirihluti þeirra telji kennara jákvæða og sanngjarna hafa mun færri jákvætt viðhorf til skólans og margir hafa íhugað að hætta. Þennan mun á afstöðu yngri og eldri nemenda má e.t.v. rekja til ákveðinnar námsþreytu meðal hinna eldri en jafnframt má vera að almennt ástand í samfélaginu eigi hlut að máli. Í innra mati kemur t.d. fram að þrír til fjórir af hverjum tíu nemendum hafa áhyggjur af fjárhag sínum og þrír af hverjum tíu finna fyrir kvíða. Ekki er ólíklegt að áhyggjur af þessu tagi hafi nokkur áhrif á afstöðu nemenda til náms og starfs.

Vel hefur gengið að ráða kennara til starfa. Kennarar með full réttindi skipa 94% stöðugilda skólans við kennslu, aðrir eru leiðbeinendur. Flestar stöður leiðbeinenda eru í iðngreinum því þar gengur tregast að ráða menntaða og sérhæfða kennara. Það segir e.t.v. eitthvað um skólann sem vinnustað að starfsmannavelta er mjög lítil. Starfsmannastefnan er ítarlegt skjal sem grípur á mörgum mikilvægum þáttum, s.s. starfsþróun. Gert er ráð fyrir að starfsmenn eigi kost á símenntun innan sem utan skóla til að auka þekkingu sína og faglega hæfni. Skólinn setur árlega ákveðna fjárhæð í endurmenntunarsjóð og úthlutar styrkjum til starfsmanna í samræmi við eigin reglur.

Í stefnuskrá BHS sem birt er í skólanámskrá segir að lögð sé rækt við bókmennt, handmennt og siðmennt og að einkunnarorð skólans séu agi – virðing – væntingar. Hlutverk hans er að efla alhliða þroska allra nemenda og búa þá undir virka þátttöku í fjölbreyttu samfélagi, störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám. Grunnildi skólastarfsins eru sögð jafnrétti, sköpun, sjálfsagi, framsækni og náungakærleikur. Stefnuskjalið skiptist í nokkra meginkafla þar sem sett eru fram markmið og mælikvarðar um árangur. Samræmi þar á milli er misjafnt og hvergi sést að mælikvarðarnir séu notaðir til að meta árangur og markmið skólans.

⁷⁹ Framhaldsskólar. (2013).

Skólinn hefur sett sér ýmis önnur stefnuskjöl sem efalaust hafa áhrif á skólastarfið. Það sama gildir um þau og stefnuskrána að lítið mat fer fram á því hvernig einstökum þáttum miðar að marki. Það er veikleiki sem ástæða er til að huga að.

Þrátt fyrir áherslur á fjölbreytta kennsluhætti benda kennslukannanir meðal nemenda til fábreytni. Skólinn brást við með umræðu og fræðslu á starfsdegi vorið 2012. Þeirri umræðu þarf að fylgja eftir með námskeiðum og stuðningi við kennara. Gagnlegt getur verið að mynda jafningjahópa sem vinna saman að því læra nýjar aðferðir og beita þeim. Þá er nauðsynlegt að skoða á hvern hátt upplýsingatækni getur orðið til að auka fjölbreytnina. Jafnhliða er mikilvægt að fjalla um námsmat sem óaðskiljanlegan þátt kennslunnar.

Með nýrri aðalnámskrá er framhaldsskólum fengið talsvert svigrúm til að móta eigin brautarlýsingar á grundvelli sex grunnþátta menntunar. BHS hefur unnið faglega að þessu starfi og verið ötull við að afla styrkja úr þróunar- og sprotasjóðum til verksins. Þá hefur skólinn boðað til fræðslufunda meðal kennara og fengið til þeirra ýmsa aðila. Í skólanum liggja þegar fyrir drög að nýjum námsbrautarlýsingum.

Borgarholtsskóli hefur um árábil framkvæmt árlegt og kerfisbundið innra mat. Rýnihópur sjálfsmats hefur haft umsjón með því og hefur reglubundið verið lagður fyrir spurningalisti fyrir kennara og nemendur. Auk þessa fer fram kennslumat og í framhaldi af því er boðað til starfsmannasamtala. Hvort tveggja veitir gagnlegar upplýsingar. Þetta hefur gert skólanum kleift að fylgjast með viðhorfsbreytingum á milli ára og nýta niðurstöður í umbótastarf. Matið er þó ekki mjög víðtækt og skortir skarpari tengingu við stefnu og markmiðssetningu skólans sem fyrr segir. Unnið er að innleiðingu nýs gæðakerfis sem vonir standa til að verði til bóta og unnið er að gerð gæðavísa. Ráðgert er að innra matið og gæðakerfið renni saman innan tíðar.

Gjarnan er sagt að skólar séu valddreifðar stofnanir. Um það eru þó deildar meiningar og bent á að máli skipti hvaðan er horft og af hverjum. Kosturinn við dreifstýrða skóla er talinn sá að þeir færi ábyrgð í hendur kennara á því starfi sem fram fer. Eins og víðar í framhaldsskólum af stærð BHS felst drjúgt stigveldi í stjórnkerfi hans og leið kennara til skólameistara getur orðið óþarflega löng. Ekki verður annað séð en að skólameistarar BHS séu sér meðvitaðir um þetta og freisti þess að vera sem sýnilegastir kennurum og nemendum. Til að auka enn frekar á nálægð við kennara hefur skólameistari komið á óformlegum „vöflufundum“ þar sem kennurum gefst kostur á að taka hvaðeina til umræðu. Ef ástæða þykir til geta mál sem þar koma upp fengið formlega umfjöllun á kennarafundum eða á öðrum vettvangi innan stjórnsýslu skólans.

Eins og aðrir skólar hefur BHS mátt taka á sig skerðingar vegna efnahagshrunsins 2008. Skólinn gekk markvisst að því starfi, nemendahópar voru stækkaðir, dregið var úr aðföngum fyrir verknámsgreinar og allar dýrari framkvæmdir eða innkaup voru stöðvuð, s.s. tækjakaup. Áður en til niðurskurðar kom hafði skólinn unnið að umtalsverðum endurbótum á tölvueign sinni og bjó nokkuð vel að því leyti. Þessar aðgerðir hafa gert það að verkum að skólinn er rekinn innan fjárheimilda og á síðasta ári var nokkur afgangur sem skapar tækifæri til að halda áfram þeirri endurnýjun tölvukostsins sem hafin var. Þá fara námshópar aftur minnkandi. Það má því segja að skólinn hafi staðið vel af sér þær þrengingar síðustu ára.

Efalaust hafa hræringar síðustu ára haft sín áhrif á skólabrag. Í viðtölum úttektaaðila við kennara bar talsvert á nuddi út í stjórnun skólans. Sagt var að stjórnendur hefðu ekki nægilegan skilning á þörfum einstakra námsgreina, óréttlát skipting fjár eigi sér stað milli námsbrauta, stjórnendur fylgist ekki nægilega vel með og þekki ekki nógu vel til þess fjölbreytta starfs sem fram fer. Á niðurskurðartímum eru slík viðbrögð ekki óvenjuleg og ólík sjónarmið ber að virða og sýna ákveðna auðmýkt. Það virðast skólameistarar sér fullkomlega meðvitaðir um. Niðurskurður verður ekki gerður án þess að hann bitni með einum eða öðrum hætti á starfsmönnum. Viðhorf nemenda til skóla síns er í flesta staði jákvætt.

Í sjálfu sér er BHS margskipt stofnun og að sumu leyti má líta á hvert kennslusvið sem (sjálfstæða) einingu innan skólans. Fyrir hverju þeirra fer kennslustjóri sem hefur ábyrgð á rekstri og gerir kostnaðaráætlanir ásamt fjármálastjóra. Bóknámsbrautir eiga bóknámið sameiginlegt og því er eðlilega mikið samstarf þar á milli en stærstur hluti iðnnáms byggir á verknámstengdum faggreinum og á þar af leiðandi minna samstarf við bóknámið. Þetta gerir það að verkum að skólinn verður tvískiptur þótt bóknám verði aldrei aðskilið frá verknámi. Þetta getur skapað og hefur skapað ákveðna spennu í skólastarfinu því báðum aðilum finnst þeir þurfa að láta of mikið undan hinum. Tilraunir með lotunám í iðnnámi virðast gefa góðan árangur en það leiðir til þess að hefðbundin tímatafla skólans hentar illa og takmarkar samskipti nemenda sem kennara. Nú hefur skólinn ákveðið að kanna hvort virkja megi kosti lotukerfisins víðar í skólanum sem kann að skapa meiri heildarbrag en reyndin hefur verið.

10.1 Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar:

- Góð aðstaða er til náms og kennslu og auðvelt aðgengi um skólann. Húsnæði er vel hirt.
- Ítarleg skólanámskrá geymir daglegan ramma skólastarfsins, stefnuskrár og áherslur.
- Vel sundurliðuð stefnuskrá leggur fram skýrar forsendur og mælikvarða fyrir innra mat.
- Fjölbreytni náms og mikið námsúrval.
- Bókasafn er virk upplýsingamiðstöð fyrir nemendur, kennara og starfsfólk. Vinnuaðstaða þar er góð, safnið er mikið notað og staða þess innan skóla sterk.
- Vel er sinnt um tölvu- og upplýsingakerfi skólans og forganga er um þýðingu og þróun notkunar á Moodle kennslukerfinu.
- Náms- og starfsráðgjöf er vel sinnt.
- Mötuneyti nemenda og starfsmanna er gott og styður vel við markmið skólans um heilsu-eflandi skóla.
- Skipulega er unnið að þróun fjölbreyttra námsmatsaðferða.
- Unnið er að þróun gæðakerfis og ákveðnir þættir í skólastarfinu eru kannaðir reglubundið sem gerir samanburð á milli ára mögulegan og niðurstöður eru nýttar til umbóta..
- Skólanum tekst vel að vinna með fjölbreyttan og verulega getuskiptan nemendahóp. Jákvæð viðhorf eru til nemenda sem standa höllum fæti í námi og skólinn kappkostar að veita fjölþætta þjónustu.
- Mjög vel er fylgst með mætingum nemenda og skipulega unnið gegn fjarvistum.
- Kröftugt starf er á vegum nemendafélagsins.
- Kennslufall vegna forfalla kennara lítið.
- Tekið er á móti nýjum starfsmönnum með kerfisbundnum hætti, starfslýsingar eru skýrar og skipulega er haldið um þær í rekstrarhandbók.
- Lítil starfsmannavelta bendir til ánægju starfsmanna með vinnustaðinn.
- Skólameistari er meðvitaður um árekstra milli starfsmanna. Tekið er á eineltis- og ágreiningsmálum meðal þeirra af vandvirkni og festu.
- Rekstur Borgarholtsskóla er í góðu jafnvægi.
- Öflugt starf foreldraráðs og góð samskipti við marga aðila í atvinnulífinu.
- Almenn ánægja virðist með skólann í nærsamfélaginu.

Veikleikar:

- Húsnæði Borgarholtsskóla er fullnýtt. Frekari þróun skólastarfs verður að rúmast innan núverandi marka og án fjölgunar nemenda.

- Umgengni í skólahúsnæðinu þarf að bæta.
- Vinnuaðstaða kennara er þröng og loftræsting þar er léleg.
- Þriðjungur kennara notar Námsþing lítið eða ekkert sem takmarkar áframhaldandi þróun rafræns kennsluviðmóts.
- Hátt verðlag er að mati nemenda í mötuneyti skólans og samkeppni við söluaðila skyndi-fæðis utan skólans hörð.
- Hugtakanotkun um námsleiðir er fremur ruglingsleg.
- Markmið um fjölbreytta kennsluhætti virðast ekki nást fram.
- Skólinn hefur ekki formlegar siðareglur.
- Mismunandi skipulag á námi og námsmati tálmar á marga lund samstarfi á milli verknáms- og bóknámsgreina.
- Aðkoma starfsmanna í stoðþjónustu að umræðu og ákvarðanatöku er óskýr.
- Hlutverk og staða fagstjóra er óljóst.
- Vísbendingar eru um bresti í samskiptum starfsmanna við skólastjórnendur.
- Skarpari tengingar skortir milli stefnuýfirlýsingar skólans, markmiða skólanámskrár og innra mats.
- Nemendur hafa litla aðkomu að innra mati.
- Innbyrðis staða gæðaráðs og rýnihóps sjálfsmats er óljós.
- Of lítill vilji er meðal foreldra að gefa kost á sér til þátttöku á vettvangi foreldraráðs.
- Starfsmaður skóla með foreldraráði getur skapað hættu á að sjálfstæði ráðsins skerðist gagnvart skólastjórn.

10.2 Aðgerðir

- Gera þarf sameiginlegt átak nemenda, kennara og annars starfsfólks til þess að bæta umgengni í húsum skólans.
- Bæta þarf vinnuaðstöðu kennara.
- Huga þarf að skipulagi og stjórnun með það að markmiði að skilgreina hlutverk allra hlutaðeigandi, virkja þá til verka og greiða samvinnu og samskipti á milli mismunandi starfseininga.
- Efla þarf gæðamál með virkari þátttöku nemenda og skýrari tengingum milli stefnu skólans, skólanámskrár og innra mats með það meðal annars að markmiði að bæta samskipti og líðan nemenda sem starfsmanna. Greiningum á niðurstöðum innra mats þarf að fylgja eftir með aðgerðaáætlunum þar sem þeirra er þörf.
- Setja þarf skólanum siðareglur.
- Virkja þarf kennara til þess að nota Námsþing meira og betur og efla lærdómssamfélagið innan skóla til þeirra verka.
- Efla þarf hlutverk nemendafélags í hagsmunagæslu gagnvart skólayfirvöldum.
- Efla þarf umræðu meðal kennara (og annarra starfsmanna) um skólabrag og faglega ábyrgð þeirra við mótun hans.
- Skerpa þarf spurningar sem meta skólabrag (einkum samskipti og líðan) í innra mati með það að markmiði að komast að rótum ágreiningsmála sem eru til staðar í starfsmanna-hópnum.

11 Heimildaskrá

Hér eru að öðru jöfnu aðeins taldar þær heimildir sem vitnað er beint til í meginmáli. Auk þeirra eru ýmis lög og reglugerðir, tölvupóstar og fleira ótilgreint.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2004). Reykjavík: menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: mennta- og menningar-
málaráðuneytið.

Anton Már Gylfason, Ágústa Elín Ingbórsdóttir og Hrönn Hilmarsdóttir. (2011). *Skýrsla
mætingarráðs BHS 2011*, bls. 7. Borgarholtsskóli. Vefslóð:

<http://www.bhs.is/media/skyrslur/Maetingaskýrsla2011-%28lokautg%29.pdf>

Ágrip af sögu skólans. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolinn/saga/>

Bára Stefánsdóttir. (2011). *Bóka- og gagnafl á Bókasafni Borgarholtsskóla:
starfendarannsókn.* Óútgefin ritgerð í vörslu höfundar.

Bára Stefánsdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 6.3.

Borgarholtsskóli. (2012). *Námskrá framhaldsskólabrautar Borgarholtsskóla: drög.*

Bókasafn. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/bokasafn/>

Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). *Borgarholtsskóli: ársskýrsla 2012: yfirlit yfir starfsemi
skólans.*

Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 27.2.

Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 6.5.

Bryndís Sigurjónsdóttir. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 28.5.

Dreifnám BHS. [2013]. Vefslóð: <http://kennsla2.bhs.is/course/category.php?id=87>

Dyslexíuráðgjöf. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/thjonusta/dyslexiuradgjof/>

Endurmenntunarsjóður BHS. [2011]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/starfsmannastefna/endurmenntunarsjodur-bhs/>

Félags- og forvarnafulltrúar. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/thjonusta/forvarnir/>

Foreldraráð. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/felagslif/foreldrarad/>

Framhaldsskólabraut. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/namid/brautir/almenn/>

Framhaldsskólar. (2013). Vefslóð:

<http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Framhaldsskolar>

Ingi Bogi Bogason. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 7.3.

Ingi Bogi Bogason. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 7.3.

Jafnréttisáætlun. (2012). Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/jafnrettisaaetlun/>

Lög Foreldraráðs BHS. Vefslóð:

http://www.bhs.is/media/namskra/Log_Foreldrarads_Borgarholtsskola.pdf

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Matsala. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/thjonusta/matsala/>

Miðannarmat – Tarnarpróf. [Án árs]. Vefslóð:

<http://www.bhs.is/skolanamskra/namsmat/midannarmat-tarnarprof/>

Mætingastjóri. [Án árs]. Vefslóð:

<http://www.bhs.is/skolanamskra/nemendaumsjon/maetingastjorn/>

Nám í boði – námsbrautir. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/namid/brautir/almenn/>

Náms- og starfsráðgjöf. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/thjonusta/namsradgjof/>

Námsmat. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolanamskra/namsmat/>

Námsver. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/thjonusta/namsver/>

Nemendafélag Borgarholtsskóla. (2012). Vefslóð: <http://borgari.is/index/>

Nemendaumsjón. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolanamskra/nemendaumsjon/>

Pedersen, Jette Dige. [Án árs]. *Áætlun um sjálfsmat – innra mat Borgarholtsskóla 2010–2013*. Vefslóð: <http://www.bhs.is/media/skyrslur/Sjalfsmatsaaetlun-2010-2014.pdf>

Sérnámsbraut. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/namid/brautir/sernam/lysing/>

Skipurit. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/skipurit/>

Skólanámskrá. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolanamskra/>

Skrifstofa. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/thjonusta/skrifstofa/>

Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2011–2012. (2012). Vefslóð: http://www.bhs.is/media/skyrslur/innra_mat_bhs_2011_2012.pdf

Starfsmannastefna. (2013). Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/starfsmannastefna/>

Stefnuskra. (2013). Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/stefnuskra/>

Stjórn. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/stjorn/>

Táknmálstúlkur. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/thjonusta/taknmalsstulkur/>

Tölvuþjónusta. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/thjonusta/tolvur/>

Umhverfisstefna. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/umhverfisstefna/>

Umhverfisvefur BHS. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/umhverfisvefur/>

Umsjónarkennarar. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.bhs.is/skolanamskra/nemendaumsjon/umsjonarkennarar/>

Viðtöl (hljóðrituð) við viðmælendur í Borgarholtsskóla:

- Aðstoðarskólameistari
- Áfangastjóri
- Dreifnámsstjóri
- Félagsmálafulltrúi
- Fjármálastjóri
- Formaður skólanefndar
- Forstöðumaður bókasafns
- Fulltrúar úr foreldraráði
- Fulltrúi á skrifstofu
- Gæðaráð
- Kennslustjóri starfsbrautar
- Kerfisstjóri
- Matráður
- Námsráðgjafi
- Rýnihópur fagstjóra
- Rýnihópur kennara úr bóknámsgreinum
- Rýnihópur kennara úr verknámsgreinum
- Rýnihópur kennslustjóra
- Rýnihópur nemenda í bóknámi
- Rýnihópur nemenda í verknámi
- Ræstingastjóri
- Sjálfsmatshópur
- Skólameistari
- Stjórn nemendafélagsins

12 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Bréf til skólameistara Borgarholtsskóla.

Fylgiskjal 2. Stefnuskrá Borgarholtsskóla

Akureyri 29. janúar 2013

Efni: Úttekt á starfsemi Borgarholtsskóla

Eins og fram kemur í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 16. janúar 2013 hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á Borgarholtsskóla. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Úttektin verður byggð á fyrirliggjandi gögnum, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana.

Við óskum eftir góðu samstarfi við forystumenn skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 12. mars nk.:

- Ársskýrsla 2012.
- Skólanámskrá.
- Sjálfsmatsskýrsla 2012.
- Upplýsingar um nemendur:
 - Aðsókn og innritun nemenda á haustönn 2012 og vorönn 2013.
 - Þróun í innritun nemenda að hausti frá 2007 (bóknám/verknám).
 - Hvaðan koma nemendur (innan/utan upptökusvæðis – hlutfall haust 2012)?
 - Fjöldi innritaðra nemenda 15. september 2012 og 15. janúar 2013, skipt eftir árgöngum og kynjum.
 - Skipting nemenda á námsbrautir 2008–2013 greind eftir kynjum.
 - Meðalstærð námshópa.
 - Brottfall nemenda og þróun á árunum 2008–2012.
- Upplýsingar um starfsfólk:
 - Stjórnendur, starfshlutfall og kennsluskylda, kynjaskipting.
 - Fjöldi kennara í föstum stöðum og starfshlutfall skipt eftir kynjum.
 - Fjöldi leiðbeinenda og starfshlutfall (hálf starf eða meira), skipt eftir kynjum.
 - Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum.
 - Fjöldi annars starfsfólks í föstum stöðum og starfsheiti, skipt eftir kynjum.
- Menntun kennara:
 - Fjöldi kennara með BA/BS-próf auk kennsluréttinda.
 - Fjöldi kennara með MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda.
 - Fjöldi kennara með doktorspróf auk kennsluréttinda.
 - Fjöldi kennara með háskólapróf án kennsluréttinda.
 - Fjöldi kennara með aðra menntun.
 - Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?
 - Endurmenntunarstefna. Hvernig er endurmenntun/starfsþróun kennara háttað?
 - Starfsaldur kennara við skólann, (<3 ár; 3–5 ár; 6–10 ár; 11–15 ár; >15 ár; fjöldi).
 - Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.
- Skipurit skólans.
- Náms tími nemenda við brautskráningu.
- Umfang forfallakennslu á haustönn 2012.
- Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á haustönn 2012.
- Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu.
- Upplýsingar um skólaþróunarverkefni sem unnið er að á skólaárinu 2012–2013.
- Fyrri úttektir eða kannanir á starfsemi skólans.

Ef einhverjar ofangreindra upplýsinga liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar.

Þriðjudagur 5. mars

Miðvikudagur 6. mars

Fimmtudagur 7. mars

Óskað verður eftir því við trúnaðarmann kennara að leita eftir því við bóknáms- og verk-
námskennara að taka þátt í rýnihópi og gera þeim viðvart um tímasetningu viðtala. Á sama
hátt verður leitað eftir því við formann nemendafélags að fá nemendur í rýnihópa bæði úr
bóknámi og verknámi. Óskað er eftir því að skólameistari leiti eftir því við aðra viðmælendur
að taka þátt í samræmi við ofangreint. Tekið skal fram að ef hagfelldara er fyrir skólann að
hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta uppröðun þeirra í
samráði við skólann.

Boyi Lohmberg

Franklin D. Stevenson



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Fylgiskjal 2

Stefnuskrá Borgarholtsskóla

Janúar 2012

Í Borgarholtsskóla er lögð rækt við **bókmennt, handmennt og siðmennt**

*- Þitt er menntað afl og önd,
eigirðu fram að bjóða:
hvassan skilning, haga hönd,
hjartað sanna og góða.*

Stephan G. Stephansson

Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru **agi, virðing, væntingar**

STAÐA OG STYRKUR

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, skapandi og framsækinn skóli sem mætir þörfum breiðs nemendahóps. Í Borgarholtsskóla geta flestir fundið nám við hæfi.

Í boði er bóknám til stúdentsprófs, verknám á sviði mál- og bíliðngreina, listnám, starfsnám á sviði upplýsingatækni, félags-, uppeldis-, tómstunda- og verslunargreina, nám til framhaldsskóla-prófs, nám fyrir afreksfólk í íþróttum og námsbraut fyrir fatlaða nemendur.

Framtíðarsýn skólans er skýr. Skólinn er trúr upphaflegum markmiðum sínum, býður fjölbreytt nám í hæsta gæðaflokki fyrir breiðan hóp nemenda og notar til þess viðurkennd gæðaviðmið. Borgarholtsskóli er í tengslum við nærsamfélagið, aðliggjandi skólastig og atvinnulífið og sinnir með þeim hætti breytilegum þörfum margra. Umhverfisvitund og vitund um mikilvægi sjálfbærrar þróunar er sterk meðal starfsmanna og nemenda skólans sem státar af grænfána Landverndar. Innan skólans er grannt fylgst með tækninýjungum, boðið er upp á besta búnað sem völ er á hverju sinni með það að markmiði að skila vel menntuðu fólki út í atvinnulíf og framhaldsnám. Nýsköpun er í hávegum höfð og unnið er að því að auka vægi hennar á brautum skólans. Jafnframt er lögð áhersla á skólaþróun og fagmennsku kennara. Skólinn er þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum. Leitast er við að styrkja góðan starfsanda svo að skólinn verði hér eftir sem hingað til eftirsóttur vinnustaður.

Borgarholtsskóli undirbýr af fullu kappi innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla. Áhersla er lögð á grunnþætti menntunar, fjölbreytta kennsluhætti og námsmat sem og heilsueflingu. Ætlunin er að auka skilvirkni og gera öllu námi jafnhátt undir höfði. Borgarholtsskóli verður reiðubúinn þegar kallið kemur til að hefja kennslu samkvæmt nýjum lögum.

Skólahúsnæðið er takmarkað og ljóst að það þarf að stækka og bæta á næstu árum. Sóknarfæri skólans nú liggja ekki síst í því að bregðast við þörfum fólks sem ekki getur stundað nám með hefðbundnum hætti vegna búsetu, atvinnu eða annarra ástæðna. Til þess eru nýttir kostir dag-skóla og dreifnáms. Innleiðing nýrra námskosta byggist á sveigjanlegu kennsluformi.

Þessi stefnuskrá snýst um menntun í víðum skilningi. Þótt stöðugt þurfi að meta og endurmeta árangur skólastarfs verður menntun aldrei vegin og metin til fulls á hlutlægan mælikvarða því hún er í reynd ómetanlegt dýrmæti.

Bryndís Sigurjónsdóttir, skólameistari

HLUTVERK

Borgarholtsskóli starfar samkvæmt aðalnámskrá og lögum um framhaldsskóla og öðrum lögum og reglugerðum sem varða starfsemi framhaldsskóla. Í skólanum er leitast við að efla alhliða þroska allra nemenda og búa þá undir virka þátttöku í fjölbreyttu nútímasamfélagi, störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám.

Borgarholtsskóli hefur að leiðarljósi grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Í skólanum er leitast við að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda, víkka sjóndeildarhring þeirra, styrkja gagnrýna og skapandi hugsun, leggja rækt við persónulegan þroska og siðgæðisvitund og efla mannskilning, tillitsemi og virðingu fyrir fólki og umhverfi.

GRUNNGILDI

Grunngildi Borgarholtsskóla eru jafnrétti, sköpun, sjálfsagi, framsækni og náungakærleikur.

Starfið við Borgarholtsskóla er framsækið og skapandi. Starfsemin byggist á jafnrétti og náungakærleika en gerir um leið kröfur um sjálfsaga.

Jafnrétti

Jafn réttur og jöfn tækifæri einstaklinga og hópa eru leiðarljós skólans og virt í öllu daglegu starfi og ákvörðunum. Allir njóta jafnréttis, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, kynferði, kynhneigð, litarhætti, þjóðerni, trú eða efnahag. Þannig virðir Borgarholtsskóli lagalegan og stjórnskrárbundinn rétt allra.

Sköpun

Afrek mannsins, hugsanir hans og gerðir eru merki um skapandi mátt sem nýta má til uppbyggingar og framfara. Borgarholtsskóli hlúir að skilyrðum til að leysa skapandi mátt einstaklingsins úr læðingi og kennir honum mikilvægi frumkvæðis, áræðni og sjálfsgagnrýni í sköpunarferlinu.

Sjálfsagi

Með því að beina hugsunum og gerðum skipulega í átt að tilteknu markmiði náum við árangri. Borgarholtsskóli býður upp á menntun og umhverfi sem örvar skipulagshæfni einstaklingsins og hvetur hann til að ná settum markmiðum af eigin rammleik.

Framsækni

Með framsæknum huga og athöfnum mótum við framtíðina en bíðum ekki eftir henni. Menntun í Borgarholtsskóla miðar að framsækni á öllum sviðum, framförum, lífsfyllingu og velgengi.

Náungakærleikur

Við berum umhyggju hvert fyrir öðru og sýnum hvert öðru gagnkvæma virðingu í öllum samskiptum. Velferð eins er háð því hvernig öðrum gengur. Í Borgarholtsskóla komum við fram við aðra eins og við viljum að þeir komi fram við okkur.

NEMANDINN OG VELFERÐ HANS

Framtíðarsýn

Í Borgarholtsskóla er nemandinn í fyrirrúmi. Nemendur hafa ólíkar og fjölbreyttar þarfir og er það kappsmál að veita hverjum og einum þá þjónustu sem honum ber. Námsframboð er fjölbreytt, starfsfólk hæft og vel menntað, félagslíf fjölbreytt, tækjabúnaður og aðstaða góð og húsnæði hreint og snyrtilegt. Skólabragur er jákvæður og andleg, líkamleg og félagsleg velferð nemenda höfð að leiðarljósi. Áhersla er lögð á heilsusamlega umgjörð um skólastarfið.

Markmið

Til þess að stuðla að velferð nemenda Borgarholtsskóla verður unnið með eftirfarandi þætti:

- **Andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan**
 - Skólinn mennti nemendur til heilbrigðra lífshátta og skapi umhverfi og aðstaður sem taka mið af því, m.a. með öflugum forvarnastarfi.
 - Vitund um andlega, líkamlega og félagslega vellíðan verði eflað.
 - Nemendur hafi ávallt aðgang að hollri, góðri og fjölbreyttri næringu.
 - Tryggt sé að aðstaða til íþróttaiðkunar og líkamsræktar verði aðgengileg nemendum.
 - Vinnuálag á nemendur sé hóflegt og þeir upplýstir um hagnýtar aðferðir til að draga úr streitu.
- **Umsjónar- og stoðkerfi**
 - Nemendur hafi aðgang að öflugri þjónustu umsjónarkennara, þar sem nemendum og kennurum er ljós ábyrgð sín, réttindi og skyldur.
 - Umsjónarkennarar fylgist með ferli umsjónarnema sinna og hafi frumkvæði að samskiptum við nemendur og forráðamenn.
 - Boðið sé upp á fjölbreytta og öfluga stuðningsþjónustu.
 - Þróaðir verði verkferlar sem ná til flestra mála sem upp kunna að koma í samskiptum nemenda, forráðamanna og starfsfólks.
 - Skólinn státi af öflugum stoð- og þjónustukerfi sem veitir nemendum og forráðamönnum þeirra úrvals þjónustu á hverjum tíma. Stoðkerfið þróist í samræmi við þarfir nemenda og kennara.
- **Félagslíf og félagsstarf**
 - Stutt sé dyggilega við bakið á félagslífi nemenda með því að skapa því aðstöðu innan veggja skólans og aðstoða við framkvæmd góðra hugmynda nemenda.
 - Starf foreldraráðs verði stutt. Ráðinu verði skapað svigrúm fyrir starfsemi sína og aðgengi þess að starfsfólki skólans tryggt.
 - Aðkoma nemenda og forráðamanna að skólastarfinu verði aukið með því að skipuleggja reglulega fundi í samráði við nemendafélag og foreldraráð.



Mælikvarðar

Til að leggja mat á árangur af stefnu Borgarholtsskóla um nemandann og velferð hans verða eftirfarandi mælikvarðar notaðir:

- Brotthvarf nemenda úr námi og brotthvarf úr einstökum áföngum.
- Viðhorfskannanir meðal nemenda í tengslum við innra og ytra mat.
- Kennslukannanir í einstökum áföngum.
- Fjöldi starfslýsinga fyrir störf sem lúta að þjónustu við nemendur.
- Árangur af þátttöku í verkefnum sem lúta að velferð nemenda, t.d. verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*.
- Fjöldi funda þar sem nemendur og forráðamenn hafa beina aðkomu.
- Fjöldi veikindadaga nemenda.
- Niðurstöður könnunar Rannsóknar og greiningar (Ungt fólk).



NÁM OG KENNSLA

Framtíðarsýn

Í Borgarholtsskóla eru öllum nemendum tryggð jöfn tækifæri til góðrar menntunar sem og námsleiðir við hæfi hvers og eins. Kennsluhættir og námsmat eru fjölbreytt og nemendur hvattir til að bera ábyrgð á eigin námi. Kostir upplýsingatækni og fjarkennslu eru nýttir og nemendur í iðn- og starfsnámi fá fjölbreytta þjálfun á vettvangi. Lögð er áhersla á námsá-stundun, námsframvindu og að draga úr brotthvarfi. Á öllum námsbrautum eru grunnþættir menntunar hafðir í heiðri: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Miðlun upplýsinga er skilvirk og áreiðanleg og eru nemendur vel upplýstir um kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Markmið

Til þess að nám og kennsla við Borgarholtsskóla sé til fyrirmyndar verður unnið með eftirfarandi þætti:

- **Ábyrgð, þátttaka og jöfn tækifæri**
 - Lögð verði áhersla á að tryggja öllum nemendum jöfn tækifæri til góðrar menntunar og bjóða fjölbreyttar námsleiðir í öfluggu námssamfélagi.
 - Nemendum séu ljósar kröfur um námsárangur og námsframvindu þar sem lögð er jöfn áhersla á þekkingu, leikni og hæfni.
 - Grunnþættir menntunar verði hafðir að leiðarljósi við skipulag náms á öllum námsbrautum.
 - Tryggt verði aðgengi nemenda og forráðamanna að upplýsingum um einstaka áfanga og námið í heild og að nemendur njóti stuðnings í námi sínu. Í þessu skyni er m.a. lögð áhersla á markvissa notkun og þróun námsumsjónarkerfis BHS, skóla-upplýsingakerfa og heimasíðu skólans sem og öflugna náms- og starfsráðgjöf.
- **Gæði náms og kennslu**
 - Stöðugt verði leitað leiða til að auka gæði náms og kennslu. Fjölbreyttar náms-, kennslu- og námsmatsaðferðir verði í fyrirrúmi og hvatt til starfsrannsóknna.
 - Hvatt verði til nýsköpunar í kennslu, fjölbreyttra kennslu- og námsmatsaðferða og þverfaglegs samstarfs.
 - Fagleg sjónarmið verði höfð að leiðarljósi við ákvörðun fjölda nemenda í náms-hópum.
 - Formlegt mat á kennslu með könnunum verði eftir og því fylgt eftir í ljósi niður-staðna.
 - Fjölbreytt þróunarverkefni og starfsrannsóknir verði hluti af framsækinni skólaþróun.
 - Stuðlað verði að endurmenntun kennara.
 - Upplýsingatækni verði hagnýtt eins og kostur er í starfi skólans. Lögð verði áhersla á upplýsingalæsi í námi og kennslu.
 - Vegferð útskrifaðra nemenda verði markvisst könnuð í því skyni að meta gæði og árangur kennslu og skólastarfs.
 - Námsframboð sé þróað í tengslum við önnur skólastig og atvinnulíf.

- **Tengsl við önnur skólastig**

- Skólinn hafi frumkvæði að samskiptum við aðliggjandi skólastig í því skyni að stuðla að sem mestri samfelli í skólagöngu nemenda í samræmi við ríkjandi menntastefnu eins og hún birtist í sameiginlegum hluta aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla.
- Rík áhersla verði lögð á að kynna námsframboð skólans fyrir nemendum grunnskóla.
- Samskipti við háskóla landsins verði efld með því að efna reglulega til samræðu við fulltrúa þeirra um sameiginleg málefni og áherslupætti.



Mælikvarðar

Til að leggja mat á árangur af stefnu Borgarholtsskóla um nám og kennslu verða eftirfarandi mælikvarðar notaðir:

- | | |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"> • Hlutfall kennara sem afla sér aukinnar menntunar. • Fjöldi náms- og kennslukannana, auk fjölda umbóta og aðgerða í kjölfar þeirra. • Fjöldi áfanga sem settir eru upp á námsþingi. • Hlutfall áfanga þar sem beitt er fjölbreyttum aðferðum við námsmat og fjöldi námsmatsaðferða. • Hlutfall nemenda sem heldur áfram námi eftir útskrift úr BHS. | <ul style="list-style-type: none"> • Fjöldi kynninga fyrir grunnskólanema. • Hlutfall áfangaalýsinga þar sem greinileg tengsl við grunnþætti menntunar koma fram. • Fjöldi nýrra gagna og útlána á bókasafninu sem tengjast kennslugreinum skólans. • Fjöldi nemenda í hópum. • Fjöldi þróunarverkefna og starfsrannsókna. |
|--|---|



MANNAUÐUR OG SKÓLABRAGUR

Framtíðarsýn

Jákvæður skólabragur er aðalsmerki Borgarholtsskóla. Samskipti fólks einkennast af gagnkvæmri virðingu; samvinna, gleði og eftirvænting einkennir daglegt starf. Hlúð er að mannauði skólans með því að skapa bestu skilyrði fyrir velferð, vellíðan og heilbrigði allra. Í því skyni er lögð áhersla á heilnæm starfsskilyrði, starfsumhverfi og menntun til heilbrigðis; hver og einn fær tækifæri til að nýta hæfileika sína til fulls. Starfsfólk og nemendur njóta styrkrar forystu, hvatningar og stuðnings. Lýðræðisleg vinnubrögð, sem stuðla að samræðu, jafnræði og gagnsæi, eru í hávegum höfð.

Markmið

Til þess að stuðla að jákvæðum og heilbrigðum skólabrag í Borgarholtsskóla verður unnið með eftirfarandi þætti:

- **Samskipti, samstarf og samkennd**
 - Skólabragurinn einkennist af gagnkvæmri virðingu starfsfólks og nemenda, virðingu fyrir manngildi og fjölbreytileika.
 - Starfsfólk og nemendur njóti jafnræðis óháð starfi og stöðu.
 - Lögð verði áhersla á metnað, skapandi starf, fagmennsku og starfsgleði.
 - Samskiptahættir stuðli að jákvæðri sjálfsmynd, ábyrgð og félagslegri hæfni.
 - Allir finni að þeir séu velkomnir í skólann og njóti virðingar og velvildar.
 - Nemendur komi í auknum mæli að ákvarðanatöku um mál sem þá varða.
 - Félagslíf nemenda njóti stuðnings og hvatt sé til þátttöku starfsfólks í viðburðum.
 - Nýir starfsmenn séu leiddir skipulega inn í skólastarfið.
 - Samstarf nemenda og kennara þvert á svið og námsgreinar verði eflt og sterk liðsheild sköpuð í skólanum.
 - Tillit verði tekið til aðstæðna starfsfólks og nemenda þegar erfiðleikar steðja að.
- **Gæðamál og eftirfylgni**
 - Verkferlar, starfslýsingar, áætlanir og stefnuatriði séu skýr og uppfærð reglulega.
 - Samskiptaleiðir verði skilgreindar og upplýsingaflæði innan skólans tryggt.
 - Ákvarðanir séu gagnsæjar og starfshættir skólans lýðræðislegir.
 - Starfsfólk hafi tækifæri til að ræða starf sitt og hafa áhrif á starfsemi skólans.
 - Skólinn styðji við sí- og endurmenntun starfsfólks og hvetji til starfsþróunar.
- **Umgengni og aðbúnaður**
 - Starfsfólk og nemendur leggi sig fram um að halda húsnæði hreinu og snyrtilegu og stuðli að heilnæmu starfsumhverfi.
 - Stafrsaðstæður uppfylli ýtrustu kröfur um aðbúnað við nám og kennslu.



Mælikvarðar

Til að leggja mat á árangur á f stefnu Borgarholtsskóla um mannauð og skólabrag verða eftirfarandi mælikvarðar notaðir:

- Tíðni starfsþróunarsamtala auk fjölda umbóta og aðgerða í kjölfar þeirra og ánægja starfsmanna með árangurinn.
- Niðurstöður og eftirfylgni kannana meðal starfsmanna um líðan og viðhorf til starfs og vinnustaðar.
- Starfsmannavelta.
- Fjöldi verkferla og starfslýsinga.
- Hlutfall starfsmanna sem sækir sér endur- eða símenntun.
- Hlutfall starfsmanna með meistarapróf og aðra framhaldsmenntun.
- Fjöldi ákvarðanatökuferla þar sem nemendur taka þátt.
- Endurmenntunarsjóður og umsóknir í hann.
- Mælikvarði á jafnrétti.
- Fjöldi og tíðni upplýsingarita.



ÁBYRG SAMFÉLAGSPÁTTTAKA

Framtíðarsýn

Starfsfólk og nemendur Borgarholtsskóla eru meðvitaðir um skyldur sínar og mikilvægi virkrar samfélagslegrar þátttöku í nær- og fjärsamfélagi. Skólinn er fjölbreytt samfélag þar sem allir fá að njóta hæfileika sinna óháð félagslegum og menningarlegum bakgrunni. Allmenn menntun nemenda við Borgarholtsskóla miðar að læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti og sköpun. Þessir grunnþættir menntunar gera einstaklinginn hæfari í daglegu lífi og til þátttöku í samfélaginu.

Markmið

Til þess að hvetja til samfélagsþátttöku nemenda og starfsfólks Borgarholtsskóla verður unnið með eftirfarandi þætti:

- **Samfélag og umhverfi**
 - Borgarholtsskóli taki í auknum mæli þátt í nærsamfélaginu og verði um leið hlutgengur þátttakandi í alþjóðasamfélaginu. Þannig gætir áhrifa hans víða.
 - Nemendur verði búnir undir samfélagslega þátttöku og verði þannig hæfir til að stjórna lífi sínu í samræmi við eigin væntingar og þarfir samfélagsins.
 - Starfsfólk og nemendur fái tækifæri til að móta skólaumhverfið.
 - Rekstur skólans byggist á nútímalegum stjórnunarháttum þar sem áhersla er lögð á skilvirkni og gagnsæi.
 - Sjálfbærni verði meginviðmið á öllum sviðum skólans með ábyrgri og markvissri þátttöku alls skólasamfélagsins.
 - Samskipti við útskrifaða nemendur og aðra hollvini skólans verði efld.
- **Menntun og menning**
 - Borgarholtsskóli verði lifandi mennta- og menningarsetur.
 - Skólinn verði í virku samstarfi við mennta- og menningarstofnanir innan lands og utan.
 - Lögð verði áhersla á að flétta saman nám og siðferði, efla dómgreind og þjálfaga gagnrýna hugsun og virka þátttöku allra.
 - Markvisst verði unnið að því að efla tjáskiptahæfni og læsi nemenda í víðum skilningi.
 - Allir nemendur geti tjáð viðhorf sín og talað máli sínu til að geta tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi.
- **Atvinnulífið**
 - Borgarholtsskóli skili vel menntuðum einstaklingum út í atvinnulífið.
 - Skólinn efli samstarf við fyrirtæki og einstaklinga í atvinnulífinu.



Mælikvarðar

Til að leggja mat á árangur af stefnu Borgarholtsskóla um ábyrga samfélagslega þátttöku verða eftirfarandi mælikvarðar notaðir:

- Fjöldi viðburða á vegum skólans sem tengja hann samfélaginu nær og fjær.
- Hlutfall áfangalýsinga þar sem skýrt kemur fram hvernig grunnþáttum menntunar er sinnt.
- Fjöldi þátttakenda í samstarfsverkefnum.
- Fjöldi kynninga og fréttu um starfsemi skólans.
- Fjöldi samstarfsverkefna við atvinnulífið, mennta- og menningarstofnanir og aðra aðila, innlenda og erlenda.
- Tíðni samskipta við hollvini.



FRAMKVÆMD STEFNUNNAR

Ný stefna Borgarholtsskóla felur í sér skyldur og tækifæri til að gera góðan skóla enn betri.

Borgarholtsskóli undirbýr af fullu kappi innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla og umbætur í skólakerfinu. Öll sú vinna er í samræmi við þessa stefnuskrá og byggir á henni. Framundan er gerð nýrra brautarlýsinga, áfangalýsinga og annarra hluta skólanámskrár. Öll svið og brautir Borgarholtsskóla eru í mótun og mörg verkefni í smíðum sem styðja við breytingarferlið. Samhliða er unnið að uppbyggingu gæðakerfis fyrir skólann með það fyrir augum að einfalda framkvæmdina.

Yfirstjórn skólans leiðir umbreytinguna ásamt stýrihópi og stuðlar að hagfelldum aðstæðum til að raungera stefnuna. Kennslustjórar, hver á sínu sviði, hafa það hlutverk að stjórna innleiðingarferlinu í samræmi við stefnu skólans um leið og sértæk stefna hvers kennslusviðs er mótuð. Kennarar hafa tækifæri til að móta kennsluhætti og námsmat í samræmi við breytingarferlið með það að markmiði að auðvelda nemendum að öðlast tilskilda þekkingu, leikni og hæfni.

Árangur af framkvæmd stefnunnar á allt undir því að starfsfólk Borgarholtsskóla taki sam-eiginlega ábyrgð á henni og grípi þau tækifæri sem bjóðast í breyttu skólasamfélagi.

Forsendur framkvæmdarinnar og starfsmarkmið skólans, sem endurspegla stefnuna á hverjum tíma, byggjast á ákvæðum skólasamnings milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Borgarholtsskóla.